


FRÉTTA BRÉF FÁSES

openup



EUROVISION

SONG CONTEST
~~ROTTERDAM 2020~~
HEIMA 2020

Formannspistill



Það má með sanni segja að þriðja árið mitt sem formaður hafi verið með nokkuð öðru sniði en venjulega. Á þeim tíma sem ég er að skrifa pistilinn er ég venjulega að þakka niður í töskur í leit ævintýrana á Eurovision. Það var mikið áfall fyrir okkur öll að geta ekki hitt Eurovision-fjölskylduna þar sem COVID-19 matröðin hefur sett nánast allt á bið. Mig langar að senda hlýja strauma til allra sem hafa átt erfitt á þessum tímum en ef ég hef lært eitthvað þá veit ég að við aðdáendur látum ekkert stoppa okkur að deila gleðinni sem fylgir því að vera Eurovisionbulla. Engan bilbug var að finna á stjórn FÁSÉS að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá eins og gerist best. Aðalfundurinn var haldinn 21. september í húsum Samtakanna '78, sem er í fyrra falli en venjulega. Fyrirverandi formaður FÁSÉS Eyrún Elly Valsdóttir og fyrirverandi stjórnarmeðlimur Steinunn Björk Bragadóttir voru kosnar á ný í stjórn en Gísli Kærnested og Eva Dögg Benediktsdóttir kvöddu okkur í bili. Langar mig að þakka þeim fyrir vel unnin störf og ég hlakka til að dilla mér með þessum fjörkálfum í komandi partíum. Í fyrsta sinn var kosið um inngöngu erlends aðdáenda samkvæmt nýjustu reglum FÁSÉS. Þjóðum Mark Beatson velkominn í hópinn. Þrátt fyrir að enginn viðburður hafið verið haldinn frá byrjum mars náðum við samt sem áður að halda 11 viðburði. Starfsárið byrjaði með fyrstu árshátíð í sögu FÁSÉS í nóvember sem haldin var með pompi og prakt. Engin önnur en Hera Björk var veislustjóri og hin gullfallega Raket Pálsdóttir tók nokkur lög og þvílíkt dúó sem þær voru. FÁSÉS-meðlimurinn Friðrik Agni tók okkur síðan í danskennslu til að keyra ballið í gang. Vert er að þakka Gísli Kærnested, Steinþóru Þórisdóttur og Helenu Eydal fyrir frábær störf í Árhátíðarnefnd. Barsvarið var á sínum stað og héldu Charles Gittins og Sólrún Ásta Steinsdóttir okkur sveitt við borðið á Kringlukránni með geysiskemmtilegum og krefjandi spurningum. Halla Ingvarsdóttir hefur stjórnað Norðanfólkinu okkar á Akureyri með sóma og skipulagt áhorfspartý á Akureyri. Söngvakeppnin var að vanda okkar stærsti og mikilvægasti viðburður sem reyndar var heil helgi af viðburðum.

Eftir fyrirpartíshittinga á Stúdentakjallaranum fyrir undankeppnirnar í Háskólabíó var komið að því að þenja raddböndin í Eurovisionkaraoke á Curious á föstudagskvöldinu. Laugardagurinn var síðan sá stærsti í sögu FÁSÉS sem byrjaði með Zumba og Spinning þar sem ég spilaði að sjálfsögðu eingöngu Eurovision-lög. Hvað er það sem sameinar fótbolta og Eurovision? Jú, að sjálfsögðu Ölver, en þar hittust aðdáendur og fengu sér hressingu áður en haldið var í Laugardalshöllina. FÁSÉS-meðlimir voru út um allt í höllinni og ritarinn okkar Laufey Helga var í essinu sínu með Gísla Marteini í beinni áður en úrslitin hófust. Keppnin var glæsileg sem endaði með sigri Daða og Gagnamagnsins. Stjórn FÁSÉS var búin að vinna hörðum höndum að því að sýna Íslendingum þá stemningu sem er meðal okkar aðdáenda í maí og uppskárur við erfiðni með frábærum Júróklúbb, þar sem hver stjarnan á fætur annarri steig á stökk í troðfullu lðnói. Engir aðrir en vinir okkar í KEiINO lokuðu dagskránni og mun þetta vera í fyrsta sinn sem FÁSÉS fær erlendar stjórnur til að koma fram í eftirpartýinu okkar. Þetta hefði aldrei verið gerlegt nema með hjálp Pink Iceland og Sagaevents sem skipulögðu þennan viðburð og gerðu þetta kvöld ógleymanlegt. Því miður urðum við að aflýsa viðburðum eins og Stiklunum en í svartasta skammdeginu þar sem allar fréttir voru um COVID-19, héldu aðdáendur Zoom-fundi og horfðu á gamlar keppnir og glöddust saman með kosningum og öllu tilheyrandi. OGAE-samtökin ákváðu til dæmis að gera OGAE-kosninguna veglegri sem útskýrir af hverju engin niðurstaða hefur fengist þegar þetta er skrifað. Mig langar að lokum að þakka ritstjórn FÁSÉS fyrir að halda okkur við efnið með skemmtilegum og fræðilegum pistlum sem gladdi hjarta mitt mjög oft á erfiðum COVID-dögum. Hefði Daði og Gagnamagnið unnið Eurovision í Rotterdam? Værum við að fara skipjuleggja 2 vikur af partýi og gleði í Reykjavík 2021? Það fáum við því miður aldrei að vita. Eitt er víst að Eurovision-fjölskyldan kemur enn sterkari til baka á næsta ári því að við getum allt þegar við leggjum hendur á plóg saman og látum hlutina gerast.

Flosi Jón Ófeigsson, formaður FÁSÉS

Söngvakeppnin

Söngvakeppnin 2020 var haldin með pomp og prakt í febrúarmánuði í ár og að venju var glæsibragur yfir öllu. Fyrirkomulag valsins á lögum í keppnina var með sama sniði og í fyrra, leitað var til þekktra höfunda til að semja lag sérstaklega fyrir Söngvakeppnina ásamt því að opið var fyrir innsendingar á lögum. Alls voru 157 lög send inn í keppnina og af þeim voru valin 10 lög sem myndu keppa um heiðurinn að flagga fána Íslands í Rotterdam.

Hópur keppenda var blanda af reynsluboltum og nýliðum og sérstaklega var gaman að sjá hversu margir ungir og einnig lítt þekktir keppendur stigu á svið í ár. Á meðal nýliðanna voru rokkhljómsveitin Dimma og söngkonan Hildur Vala, sem eiga langan tónlistarferil að baki en voru að stíga sín fyrstu skref á sviði Söngvakeppninnar. Aðrir nýliðar voru Brynja Mary, Kid Isak, Ísold og Helga, Iva og Nína. Reynsluboltana skipuðu Daði og Gagnamagnið, Matti Matt og Elísabet Ormslev.

Lögnum tíu var skipt jafnt á milli tveggja undankeppna sem haldnar voru í Háskólabíói þann 8. og 15. febrúar, þar sem þau kepptust um að komast í úrslitin í Laugardalshöll þann 29. febrúar. Í fyrri undankeppninni voru það Ísold og Helga með lagið *Klukkan tifar* og Dimma með lagið *Almyrkvi* sem komust áfram í úrslitin. Í seinni undankeppninni voru það svo Daði og Gagnamagnið með lagið *Gagnamagnið* og Iva með lagið *Oculis Videre* sem komust áfram. Í lok seinni undankeppninnar var það einnig tilkynnt að ákveðið hafi verið að hleypa einu lagi enn í úrslitin til viðbótar, en *eitt lag enn* ársins var Nína með lagið *Ekkó*.



Líkt og áður þurftu lögin að vera sungin á íslensku í undankeppnunum, en í úrslitunum áttu þau að vera sungin á því tungumáli sem ætlað var Eurovision. Dimma var fyrst um sinn eina atriðið sem hélt sig við hið ástkæra ylhýra, en einungis degi eftir að ákvörðun um tungumálaval var gerð opinber tilkynnti Iva að hún hefði hætt við að syngja lag sitt á ensku og ákvað að halda sig við íslensku útgáfuna. Það voru því tvö lög á íslensku og þrjú á ensku sem kepptust um flugmiðann til Rotterdam.

2020

Úrslitakvöldið hófst með glæsilegri innkomu kynnanna, þeim Benna, Fannari og Björgu, sem rúlluðu inn í salinn á golfbíl með lúðrasveit Verkalýðsins fylgjandi í humátt á eftir. Höllin var troðfull af spenntum áhorfendum og glitpappírinn fékk að fljúga um frjálst eins og fuglinn. Sviðið var stórglæsilegt og komu öll atriðin ótrúlega vel út á sviðinu. Skemmtiatriðin voru heldur ekki af verri endanum. Norska tríoíð KEiiNO, sigurvegarar símakosningar Eurovision 2019, heiðraði okkur með nærveru sinni og fluttu slagarann sinn *Spirit in the Sky* ásamt því að flytja glænýtt lag sem tríoíð hafði gefið út einungis tveimur dögum fyrr, *Black Leather*. Sigurvegarar síðasta árs, Hatari, stigu að sjálfsögðu á svið. Hófu þeir sýningu sína á lagi sínu *Klefi/Samed* sem þeir fluttu með palestínska tónlistarmanninum Bashar Murad. Skiptu þeir svo yfir í sigurlag sitt frá því fyrra, *Hatrið mun sigra*, sem þeir fluttu með barnakór Kársnessskóla. Leynigestir kvöldsins voru Sigga og Grétar í Stjórninni, sem fluttu *Eitt lag enn*, en lagið fagnar 30 ára afmæli sínu í ár.

Að lokinni símakosningu og dómnefndarkosningu á milli allra fimm laganna sem komust í úrslit voru það Think About Things með Daða og Gagnamagninu og Almyrkvi með Dimmu sem voru kosin áfram í einvígið. Tók þá við ný símakosning sem úrskurðaði um sigurvegara í Söngvakeppninni 2020. Einvígið gekk þó ekki snurðulaust fyrir sig þar sem tæknivandamál gerðu það að verkum að bíða þurfti eftir flutningi Daða og Gagnamagnsins í um 20 mínútur, meðan verið var að koma hljóðinu í gang. Allt komst þó í lag á endanum og hægt var að halda áfram með sýninguna. Hrósa verður kynnum keppinnar fyrir vel unnin störf þegar það var í þeirra höndum að halda athygli áhorfenda, bæði í sal og fyrir framan sjónvarpið, á meðan viðgerðum stóð. Þetta var ekki öfundsverð staða sem þau voru í og stóðu þau sig með þryði.



Líkt og í fyrra voru það andstæðurnar sem stigu á svið í einvíginu. Dimma voru fulltrúar rokksins með eldvörpum og stáli, og Daði og Gagnamagnið voru fulltrúar gleðipoppsins með björtum litum og glitpappír. Að lokum var það Daði og Gagnamagnið með lag sitt Think About Things sem stóð uppi sem sigurvegari Söngvakeppinnar 2020 og vann sér inn í leiðinni miða til Rotterdam. Sigurinn var þó nokkuð afgerandi þar sem Think About Things hlaut í heildina tæplega 119 þúsund atkvæði, en Almyrkvi hlaut í heildina í rétt rúmlega 80 þúsund atkvæði.



Daði og Gagnamagnið fengu því miður ekki tækifæri til að heilla Evrópu á stóra sviðinu í Eurovision, en lagið hefur samt sem áður hlotið gríðarlega athygli. Það er því nokkuð ljóst að Daði og Gagnamagnið hafa verið landi og þjóð til sóma, þrátt fyrir að hafa ekki getað keppt um Eurovision-hljóðnemann í ár.

Myndir segja meira en 1000 orð



Takk fyrir Daði og Gagnamagnið!

Við ætlum að hundsá tilmæli Daða Freys um að það sé bannað að ofpeppast vegna Think About Things.

Hér er afrekalisti Daða og Gagnamagnsins og Think About Things:




- Sigrðuð Söngvakeppnina með yfirburðum en rúmlega 38 þúsund atkvæði skildu Gagnamagnið og Dimmu af.
- Think About Things komst í efsta sætið í samanlögðum veðbankspám tveimur dögum eftir sigurinn í Söngvakeppninni. Þannig hélst staðan í nokkra daga en síðan slóst Gagnamagnið við Litháen, Búlgaríu, Sviss og Rússland um toppsætin. Þegar Eurovision var aflyst þann 18. mars sl. var Think About Things í 5. sæti veðbanka.
- Tók glæsilegt trend á samfélagsmiðlum þar sem m.a. Russell Crowe, Pink, James Corden, Ricky Gervais og Al Doyle úr Hot Chip deildu efni um Think About Things eða lækuðu. Það var sérlega skemmtilegt að fylgjast með laginu taka sænskar samfélagsmiðla-stjórnur með trompi fyrir tilstuðlan Sarasongbird.
- Aðdáendur Think About Things hafa keppst við að apa eftir dansinum, spila á allskonar hljóðfæri og búa til skemmtileg myndbönd við lagið og birta á samfélagsmiðlum. Sumir hafa meira segja að dundað sér við að útbúa nákvæmar eftirlíkingar af hljóðfærum Gagnamagnsins!
- Lagið var spilað í breska sjónvarps-þættinum The Last Leg og gestir þáttarins klæddust Daða-peysum.
- Daði þurfti að svara fyrir krassandi samsæriskenningar um að Netflix væri á bak við markaðsherferð Think About Things. Það er ekkert Eurovision án samsæriskenninga!
- Fylgjendafjöldi Daða á samfélagsmiðlum hefur margfaldast og til að mynda er hann nú með 30 þúsund fylgjendur á Instagram.
- Think About Things er nú með rúmlega 8 milljónir spilana á Spotify. Lagið komst líka á Spotify viral-listann í níu löndum (Íslandi, Svíþjóð, Írlandi, Belgíu, Þýskalandi, Litháen, Noregi, Danmörku og Finnlandi).
- Myndbandið við lagið er með 7 milljónir áhorfa á YouTube og frammistaða Daða og Gagnamagnsins í Söngvakeppninni er með 3 milljónir áhorfa á YouTube.
- Voru til umfjöllunar hjá alþjóðlegu miðlum eins og Metro.co.uk, Independent og Clash í Bretlandi. Svo var Daði Freyr náttúrulega í viðtali á BBC þar sem fréttamaðurinn gaf honum tólfu!
- Think About Things vann kosningu Deir Kleine Song Contest sem austurríska ríkissjónvarpið hélt sem sárabætur fyrir aflýsingu Eurovision í ár.
- Think About Things var valið besta Eurovision-framlagið 2020 af áströlskum aðdáendum í kosningu sem var haldin í tilefni af stiklupartýi þeirra.
- Lagið var valið besta lagið í kosningu escNorge sem stóð fyrir þremur útsendingum á netinu í tilefni kosningarinnar.
- Daði og Gagnamagnið urðu hlutskörpust í Eurojury 2020 og Eurostream 2020.
- Daði fer á Evróputúr í lok nóvember á þessu ári. Það er skemmt frá því að segja að það seldist strax upp á tónleikana í London og Dublin!



Júróklúbburinn í lőnó

Júróklúbburinn var í fyrsta skipti haldinn í lőnó á úrslitakvöldi Söngvakeppninnar 2020 í samstarfi við **Pink Iceland og Saga Events.**

Takk fyrir komuna!



Ljósmyndari: Sædís Harpa frá Pink Iceland

Albanía



Lag: Fall from the Sky

Flytjandi: Arilena Ara

Lag / texti: Darko Dimitrov og Lazar Cvetkoski / Michael Blue, Robert Stevenson og Sam Schummer

Að sjálfsögðu var það albanska forkeppnin Festivali i Kenges (FIK) sem hringdi inn jólin fyrir júróvísjónþyrsta aðdáendur, en úrslitakvöldið fór fram með pomp og prakt í höfuð-borginni Tirana þann 22. desember sl. Að vanda var öllu tjaldað til og keppnin hið skæslegasta áhorf, en í lok kvölds var það hin 21 árs gamla söngkona Arilena Ara, sem stóð uppi sem sigurvegari eftir að hafa heillað dómnefnd (sem m.a. innihélt hann Felix okkar Bergsson) algerlega upp úr skónum með kraftballöðunni *Shaj*, og hafði þar með betur en aðdáendauppáhaldið [Elvana Gjata](#), sem flestir höfðu spáð sigri í undanfara FIK. Elvana veitti samt Arilenu harða samkeppni en einungis þrjú stig skildu þær stöllur að á endanum.

Shaj fékk smávegis uppskverun sem Albana er von og vísa og hljómsveitarbragur keppninni vék fyrir poppuðum áhrifum og ákveðið var að henda yfir í enska útgáfu. Á undanförunum 10 árum hafa Albanir komist upp úr undanúrslitum ca. annað hvort ár, sex sinnum hafa þeir sungið á ensku og fjórum sinnum á albönsku. Þó hefur lukkan sjaldnar verið með þeim þegar flutt er lag á ensku og þeir hafa setið eftir með sárt ennið í fjögur skipti af fimm með enskan texta.

Í laginu *Fall from the Sky* er ekkert að finna upp hjólið því að hér er á ferðinni strang-heiðarleg albönsk dívuballaða á la Eurovision og Arilena er alveg hreint skínandi söngkona.



Ekki hefur verið staðfest að Arilena muni taka þátt í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Armenía



Lag: Chains On You
Flytjandi: Athena Manoukian
Lag / texti: Athena Manoukian og DJ Paco

Armenía mætti loksins til leiks í Eurovision fyrir heilum fermingaráldri síðan, eða árið 2006. Í þessi fjórtán skipti hafa þeir einungis þrisvar sinnum setið eftir með sárt ennið í undanúrslitunum, nú síðast í Tel Aviv, þegar Srbuk labbaði út af sviðinu og heim aftur, þrátt fyrir sterkan og tilfinninga-ríkan flutning. Það má því segja að Armenía sé ein af sterkari þjóðunum í keppninni, ef við lítum aðeins á tölfræðina... sem við ætlum ekki að gera, því þetta snýst um tónlist! AMPTV, ríkisstöð Armena, hefur oftast en ekki valið keppanda sinn innbyrðis, en stundum eru þeir í stuði fyrir eitthvað annað og meira, og árið 2016 kynntu þeir söngkeppnina Depi Evratesil til sögunnar, sem er eingöngu og alfarið hönnuð til að velja fulltrúa fyrir Eurovision. Og í ár var það forkeppni, heillin. Tólf keppendur börðust um miðann til Rotterdam, en söngkonan Athena Manoukian sem var sterklega orðuð við sigur strax í upphafi, varð hlutskörpust í lok kvöldsins með lagið *Chains on you*. Hún vann yfirburðarsigur og halaði inn heil 168 stig, á meðan lagið í öðru sæti var með 120 stig.

Athena hóf feril sinn árið 2007, einungis 13 ára gömul, þegar hún vann hæfileikakeppni á vegum sérrekinna sjónvarpsstöðvar í heimalandinu Grikklandi. Árið eftir hafnaði hún í 7. sæti í forvali Grikkja til Junior Eurovision Song Contest. Árið 2011 var Athena tilbúin í eitthvað meira fullorðins og gaf út lagið [Party like a freak](#), sem varð vægast sagt stórmellur í Grikklandi og sat á toppi ýmissa vinsældarlista þar og var meira að segja tilnefnt til allavega tveggja verðlauna á alþjóðlegu Video Music Awards verðlaunahátíðinni 2012. Síðan þá hefur leið Athenu verið greið í Grikklandi, og hefur náð ótrúlegum vinsældum í Asíu, Ástralíu og Ameríku.

Hún hefur oft verið orðuð við Eurovision fyrir heimalandið Armeníu, en aldrei látið verða af því fyrr en núna. Athena sagði sjálf að hún hefði alltaf haft mikinn áhuga á að fara í keppnina, hvort sem það væri fyrir hönd Armeníu, Grikklands eða Kýpur. Sama hvaðan gott kemur, ekki satt?



Ekki hefur verið staðfest að Athena muni taka þátt í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Aserbaídsjan



Lag: Cleopatra


Flytjandi: Efendi

Lag / texti: Luuk van Beers, Alan Roy Scott og Sarah Lake

Eins og hin fyrri ár halda Aserar ekki undankeppni fyrir Eurovision heldur velja lag og flytjanda bak við luktar dyr. Í ár komu fimm keppendur til greina og var það alþjóðleg dómnefnd lagahöfunda, tónlistarframleiðenda, fjölmiðlamanna, sjónvarpsframleiðenda og annarra sérfræðinga sem völdu hina 28 ára gömlu Efendi. Efendi hefur keppt í nokkuð mörgum hæfileika- og söngkeppnum þarna austan frá, m.a. The Voice, og þetta var í fimmta sinn sem hún reyndi að verða fulltrúi Aserbaísjan í Eurovision. En henni finnst ekki eingöngu skemmtilegt að syngja og dansa heldur er hún mikill unnanndi málalistar, pilates-iðkunar og rekur litla kökubúð.

Hér er á ferðinni óður til hinnar frægu drottningu Egypta þar sem nútímapoppi er blandað saman við etniskar búddamöntrur. Í laginu er notast við þrjú hefðbundin asersk hljóðfæri; oud (strengjahljóðfæri), balaban (blásturshljóðfæri) og tar (strengjahljóðfæri sem er á lista UNESCO yfir merkar menningarminjar). Þess má geta að lagið var upphaflega eitt af fimm lögum sem Senhit ætlaði að syngja í innanhúsvali á lagi til þátttöku fyrir San Marínó. Lagið var síðan dregið úr þeirri keppni þegar Aserar ákváðu að grípa það fyrir Efendi. Lagið er kraftmikið í anda Kleópötru og fjallar um að treysta innsæi sínu og standa á sínum rétti eins og sönn drottning. Að sjálfsgöðu með snert af tvíkynhneigðum tóni eins og snjöllum Eurovision-lagahöfundum er einum lagið!

Einhverjir hafa velt fyrir sér hver syngi millikafla lagsins en það er Efendi sjálf sem fer með möntruna en rödd hennar var breytt til að dýpka hana og gera hana dramatískari. Það hefði verið gaman að sjá hvernig Aserarnir hefðu leyst þetta á sviðinu því að allar raddir þarf að flytja í beinni útsendingu á Eurovision-sviðinu.



Ákveðið hefur verið að Efendi keppi fyrir hönd Asera í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Austurríki



Lag: Alive

Flytjandi: Vincent Bueno

Lag / texti: Vincent Bueno, David "Davey" Yang, Felix van Göns og Artur Aigner

Austurríki var fyrst með í Eurovision árið 1957 og stefndu þeir á að senda sitt 53. framlag í ár. Þeir eiga tvö sigurlög að baki með ansi löngu millibili, flutt af [Udo Jürgens 1966](#) og [Conchitu Wurst 2014](#). Einnig vann Cesár Sampson dómnefndaratkvæðin árið 2018 með laginu *Nobody But You* og endaði í 3. sæti. Austurríkismenn hafa líka átta sinnum verið í síðasta sæti og fjórum sinnum hafa þeir fengið núll stig.

Í desember síðastliðnum ákvað ORF, austurríska sjónvarpið, að velja Vincent Bueno til að flytja Eurovisionlagið fyrir Austurríki árið 2020. Það var því engin söngvakeppni þar í vetur. Lagið *Alive*, þægilegt R&B popplag, var svo gert opinbert í byrjun mars.

Vincent, sem er 34 ára, er einnig þekktur undir listamannsnafninu Suitcase. Hann varð fyrst þekktur árið 2008 þegar hann vann söngvakeppnina Musica! Die Show í Austurríki. Hann hefur síðan þá samið og sungið mikið af tónlist, mest R&B og getur státað af því að vera taktkjaftur (beat-boxer). Foreldrar Vincents eru bæði frá Filippseyjum og hefur hann einnig búið þar undanfarin ár og unnið í tónlist.



Austurríska sjónvarpið hefur staðfest þátttöku landsins í Eurovision 2021 og að Vincent verði þeirra fulltrúi.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Ástralía

Lag: Don't Break Me
Flytjandi: Montaigne (Jess Cerro)
Lag / texti: Montaigne, Anthony Egizii og David Musumeci



Ástralska undankeppnin Australia Decides er orðin ein af stærri og flottari undankeppnunum sem boði eru á vertíðinni og úrslitakvöldið í Sydney var engin undantekning.

Tíu lög kepptu til úrslita og eftir æsispennandi keppni var það loks söngkonan Montaigne sem hampaði titlinum, eftir ógleymanlegan flutning á *Don't break me*. Kosningin skiptist til helminga á milli sérvalinnar dómnefndar og símakosningar almennings. Montaigne rústaði dómnefndarkosningunni og hafði 54 stig upp úr krafsinu, heilum 12 stigum meira en Vanessa Amorosi, sem margir höfðu spáð sigri. Í símakosningunni var það hins vegar Casey Donovan sem átti hug og hjörtu landa sinna og vann með 60 stig, en Montaigne fylgdi fast á hæla hennar með 53 stig. Á endanum voru samanlögð stig úr dómnefndar- og símakosningunni nóg til að krýna hana sigurvegara kvöldsins.


Montaigne heitir réttu nafni Jessica Alyssa Cerro og er fædd í Sydney árið 1995. Hún hefur verið að gera sína eigin tónlist síðan hún var 16 ára gömul, og sló í gegn í ástralska indípopp-heiminum, þegar hún gaf út plötuna *Glorious Heights* árið 2016 og var tilnefnd til ýmissa verðlauna í kjölfarið og vann t.a.m. verðlaunin sem besti nýliðinn. Hún hefur að mestu leyti daðrað við indípoppið en það er flókið að skilgreina tónlistarstílinn hennar alveg í hörgul. Það er allavega smá Florence and the Machine í bland við Robert Smith úr The Cure í rödd hennar. Montaigne samdi lag og texta sjálf og segir textann endurspegla þá baráttu við að reyna að halda lífi í ástarsambandi sem er löngu útbrunnið og þá uppgjöf og reiði sem fylgir því að þurfa að játa sig sigraðan að lokum. Um leið er þetta sjálfstyrkingaróður sem gefur þau skilaboð að maður á alltaf að setja sjálfan sig í fyrsta sætið og fjarlægja sjálfan sig úr eitruðum aðstæðum, hversu erfitt sem það kann að vera.



Montaigne hefur verið staðfest sem fulltrúi Ástralíu í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Belgía



Lag: Release Me
Flytjandi: Hooverphonic
Lag / texti: Alex Callier og Luca Chiaravalli

Flæmski ríkismiðillinn VRT ber ábyrgð á valinu í ár fyrir Belga en ríkismiðlarnir tveir skiptast á að velja Eurovision-framlag landsins. Tríoínu Hooverphonic er teft fram fyrir hönd Belga í ár. Þau hafa verið starfandi frá árinu 1995 en mannabreytingar hafa verið gerðar innan bandsins tvisvar sinnum á þeim tíma. Gengi Belga undanfarin ár hefur ekki verið beysið og var það síðast hin unga **Blanche** sem fleytti þeim í úrslit árið 2017 með borgarljósunum sínum.

Það er Luka Cruysberghs sem mun leiða bandið og mikil eftirvænting ríkti fyrir lagi Hooverphonic því að það er ekki alveg hægt að staðsetja þau í tónlistinni. Þau hafa bæði gefið út fjörugt popp og hægari tónlist. Það ætti þá ekki að koma neinum á óvart að lagið *Release Me* er lágstemmd ballaða sem margir hafa lýst sem týpísku James Bond-lagi. Strengirnir og þessi gamaldags tónn sem Hooverphonic hefur kennt sig við má heyra í gegnum lagið.

Lagið fjallar eins og svo mörg Eurovision-lög um ástarævintýri. Konan sem er sungið um í laginu virðist ákveða að enda ástarrómansinn en það er engu að síður opið fyrir túlkun hvort það sé virkilega það sem hún vilji. Orðrómur spratt upp að Hooverphonic væru að gera lítið úr Eurovision og líktu því við sirkus en VRT þverneitaði því og sagði þau bera mikla virðingu fyrir keppinni.



Hooverphonic hafa verið
staðfest sem fulltrúar
Belgíu í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Bretland



Lag: My Last Breath

Flytjandi: James Newman

Lag / texti: James Newman, Adam Argyle, Ed Drewett og Iain James

Eurovision-keppnin hefur í seinni tíð ekki verið heilladrjúg fyrir Bretana en fram til ársins 1997 sigruðu Bretar Eurovision fimm sinnum en hafa allar götur síðan endað ansi neðarlega og þar af fjórum sinnum í neðsta sæti, nú síðast í fyrra.

Söngvarinn James Newman er frá bænum Settle í Norður-Englandi og er þekktur lagahöfundur í heimalandinu. Hann hefur samið lög fyrir heimsfræga listamenn eins og Ed Sheeran, Kaiser Chiefs, Little Mix, Olly Murs, Kesha, Toni Braxton og Backstreet Boys. Hann hlaut hin eftirsóttu Brit-verðlaun árið 2014 fyrir besta breska lagið *Waiting All Night* sem flutt var af hljómsveitinni Rudimental. James er stóri bróðir Johns Newman – vel þekkt poppsöngvara og lagahöfundar í Bretlandi sem hefur selt yfir 1,3 milljón plötur í heimalandinu. Litli bróðir segist afar stoltur af bróður sínum en þetta er í fyrsta sinn sem James syngur lag einn og óstuddur. Einn lagahöfundanna, Iain James er sannarlega góðkunningi keppinnar en hann var annar höfundur sigurlags Aserbaídsjan árið 2011, [Running Scared](#) sem flutt var af þeim Ell & Nikki. Hann samdi einnig framlag Belga árið 2013, [Love Kills](#) sem flutt var af Roberto Bellarosa og hafnaði í 12. sæti.


Kveikjan af lagasmíðinni er sú að höfundarnir sáu heimildarmynd um breskan kafara sem bjarga þurfti úr Norðursjó árið 2012 eftir að hann varð viðskila við hópinn sinn og var í kafi, án súrefnis í 30 mínútur. Það er því viðeigandi að aðalstjarnan í myndbandinu er Hollendingurinn Wim Hof sem er heimsfrægur fyrir að stunda ísböð (reyndar er hann líka heimsmeðhafi í slíkum dugnaði) og aðferðir hans eru meðal annars kenndar hér á Íslandi. Í myndbandinu fer Wim Hof afar léttklæddur í ísbað og fer í kjölfarið í gönguferð í snævi þöktum skógi, berfættur!



Ekki hefur verið staðfest að James muni taka þátt í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Búlgaríá



Lag: Tears Getting Sober

Flytjandi: VICTORIA

Lag / texti: Victoria Georgieva, Borislav Milanov, Lukas Oskar Janisch, Cornelia Wiebols / Victoria Georgieva, Borislav Milanov og Lukas Oscar Janisch

Svo við byrjum á að grípa til gamalkunnugs frasa; hér kemur ein, ung og upprennandi. Victoria sker sig úr fyrir sérstaka rödd og stíl og hafa margir líkt henni við Billie Eilish en eins og hin bandaríska stallsystir hennar er Victoria einmitt líka að hefja feril sinn í Búlgaríu. Victoria varð fyrst þekkt fyrir þátttöku sína í X Factor Búlgaríu og gaf út lagið [I Wanna Know](#) í fyrra sem fór vel í landann. Fyrsta plata Victoriu er væntanleg síðar á þessu ári sem er bara býsna gott fyrir 22 ára gamlan tónlistarmann. Hún er mikill dýravinur og hún á fjóra hunda, tvær kanínur og páfagauk (það má nú ekki minna vera svona þegar samkomu- og útgöngubann er í gildi í meirihluta ríkja).

Það gladdi margna Eurovision-aðdáendur þegar búlgarska sjónvarpið tilkynnti að þjóðin myndi taka þátt í Eurovision 2020 en þeir sátu hjá í fyrra vegna fjárhagsvandráða. Búlgarar tilkynntu í nóvember sl. að Victoria myndi flytja Eurovision-framlag þeirra og enn einu sinni fórum við aðdáendur á mis við búlgarska undankeppni.

Lagið *Tears Getting Sober* fjallar um að komast yfir ótta og kvíða og halda áfram með líf sitt. Það er Victoriu hjartans mál að fjalla um geðheilbrigðismál ungs fólks og vonar hún að lagið gefi fólki von. Það er Victoria sjálf sem semur lagið ásamt tónlistar-samsteypunni Symphonix Internatinal. Lagið var efst í veðbönkum daginn sem tilkynnt var um að Eurovision 2020 væri aflýst.



Victoria hefur verið staðfest sem fulltrúi Búlgaríu í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Danmörk



Lag: YES
Flytjandi: Ben & Tan (Benjamin
Lag / texti: Tsimalona Rosenbom and Tanne Amanda Balcells)
Emil Adler Lei, Jimmy Jansson og Linnea Deb

Úrslitakvöld Dansk Melodi Grand Prix (DMGP) var svo sannarlega með öðru sniði en áður þann 7. mars sl. Þar sem dönsk stjórnvöld höfðu þegar sett bann á samkomur sem töldu fleiri en 100 manns, fór úrslitakeppnin fram fyrir tónum sal en með frábærum kynnum, lifandi hljómsveit, flottum dönsurum og svo auðvitað keppendum sjálfum varð DMGP hin mesta skemmtun þrátt fyrir skort á áhorfendum í sal. Tíu lög kepptu til úrslita í DMGP 2020 og eftir að öll lög höfðu verið flutt fór fram kosning sem byggðist á helmingsvægi dómnefndar og helmingsvægi almennings. Þar voru þrjú lög kosin áfram í svokallað ofureinvígi. Eftir það tók við hrein símakosning áhorfenda, sem réði endanlegum úrslitum.

Í fyrra komust Danir upp úr forkeppninni í Tel Aviv og máttu vel við una í aðalkeppninni, þegar ljúflingurinn Leonora söng sig í 12. sæti með ofurdanska krúttsmellinum [Love is Forever](#). Í ár var danska þjóðin greinilega ennþá á krúttvagninum því Ben&Tan unnu með yfirburðum og voru með 61% greiddra atkvæða.

Ben&Tan-dúettinn samanstendur af vinunum Benjamin Rosenbohm og Tanne Balcells en þau kynntust þegar þau kepptu bæði í 2019-seríunni af The X-Factor. Þau stofnuðu dúettinn Ben&Tan eftir að keppni lauk og ákváðu að taka þátt í DMGP með lagið Yes. Lagið er samið af þeim Emil Rosendal Lei, Jimmy Janson og Linneu Deb, en þau tvö síðarnefndu ættu að vera Eurovision-aðdáendum vel kunn enda heilarnir á bak við mörg af flottari lögum seinustu ár, t.a.m tyggjókúlu-sprengjuna [Hello Hi](#), með Dolly Style í Melodifestivalen 2015, [You](#) sem var framlag Svía árið 2013 og svo auðvitað sigurlagið [Heroes](#) 2015.

Eins og áður sagði er Yes algjörlega þvottekta og skotheld dönsk krúttballaða með nettum sænskum áhrifum, sem ætti að falla vel í kramið hjá áhorfendum víða um heim.



Danir hafa staðfest að MGP verður haldin á næsta ári. Ben&Tan verða ekki fulltrúar Dana 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Eistland



Lag: Lag: **What Love Is**
Flytjandi: Flytjandi: **Uku Suviste**
Lag / texti: Lag / texti: **Uku Suviste/ Sharon Vaughn**

Á hlaupársdag völdu Eistar framlag sitt til Eurovision 2020, sama kvöld og við völdum Daða okkar í sama verkefni. Eistar hafa í 12 ár haldið söngvakeppnina Eesti Laul og hafa verið með í Eurovision frá árinu 1994 með nokkuð óvæntum eina sigri þeirra með laginu **Everybody**. Lagið í ár átti að vera þeirra 26. framlag í Eurovision en það er útvarpsvænt popplag.

Eesti Laul-keppnin 2020 samanstóð af tveimur forkeppnum 13. og 15. febrúar sl. og einu úrslitakvöldi. Tólf lög kepptu í hvorri forkeppni og sex komust áfram. Það voru því tólf lög í úrslitum þann 29. febrúar í Saku Suurhall í Tallinn og var keppnin hin glæsilegasta. Kosningin fór fram í tveimur lotum. Fyrst kepptu lögin tólf og dómnefnd og áhorfendur höfðu helmingsvægi hvort í þeirri kosningu. Þrjú efstu lögin fóru svo í úrslit og í þeirri kosningu réðu áhorfendur ríkjum. Það fór svo að *What Love Is* vann yfirburðasigur, fékk 68,2% atkvæða í símakosningu.

Uku Suviste er 37 ára og hefur starfað í tónlist í meira en áratug. Hann spilar á nokkur hljóðfæri, syngur og semur tónlist. Uku hefur einnig numið tónlist og meðal annars lokið píanónámi. Hann samdi einmitt *What Love Is* ásamt Mary Sharon Vaughn. Hún er bandarísk og hefur samið talsvert af sveitatónlist með þekktu fólki í þeim geira. Uku hefur áður tekið þátt í söngvakeppnum, meðal annars keppti hann í The Voice í Rússlandi haustið 2018.



Eistar ætla að halda Eesti Laul-keppnina á næsta ári og Uku hefur verið boðið pláss í undanúrslitunum.

Hér má finna texta lagsins

Finnland



Lag: Looking Back

Flytjandi: Aksel

Lag / texti: Joonas Angeria, Whitney Phillips, Connor McDonough, Riley McDonough og Toby McDonough

Hin heittelskaða finnska undankeppni **UMK** eða Uuden Musiikin Kilpailu, var endurvakin í ár, eftir að hafa legið í nettum dvala síðan 2017 og gladdi það ótalmarga aðdáendur. Okkur þykir nú alltaf voða vænt um Finna og tengjum mikið við þá.

Sex lög kepptu til úrslita í ár, og allt þar til seinustu stigin höfðu verið talin, var það mál manna að leðurklædda diskódrottningin Erika Vikman og bráðskemmtilegur aðdáunaróður hennar til ítölsku klámdrottningarinnar og stjórnmalakonunnar Cicciolinu, væri eina rökréttu niðurstaðan. Finnstur almenningur var svo sannarlega á bandi Eriku (og bjarndýranna hennar) því að [Cicciolina](#) vann símakosninguna og var með 99 stig á móti 94 stigum Aksels. Óútreiknanleiki Eurovision kom berlega í ljós þegar alþjóðlegu dómnefndirnar höfðu sagt sitt, því að þær settu Eriku í þriðja sæti en Aksel í fyrsta og þegar búið var að telja stigin saman, stóð Aksel uppi sem sigurvegari með 170 stig, en Erika varð að láta sér annað sætið lynda með 157 stig.

Aksel Kankaaranta er mikill rólyndisdrengur frá Turku sem flutti fallega ballöðu í anda James Bay um það að fagna lífinu og vera ekki að dvelja of mikið í fortíðinni. Hann lenti í öðru sæti í The Voice: Finland árið 2017 og er hörkusöngvari.



Finnar ætla að halda UMK-keppnina árið 2021 og gefið hefur verið út að Aksel geti sent inn lag í úrtakið.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Frakkland



Lag: Mon Allié (The Best In Me)

Flytjandi: Tom Leeb

Lag / texti: Peter Boström, Thomas G:son, John Lundvik/ Peter Boström, Thomas G:son, John Lundvik, Tom Leeb, Amir Haddad, Lea Ivanne

Frakkar hafa átt í vandræðum með að finna réttu uppskriftina fyrir Eurovision upp á síðkastið. Þeir hafa þó unnið fimm sinnum þó að ansi langt sé síðan síðast, en það var árið 1977 með laginu [L'oiseu et l'enfant](#) með Marie Myriam. Frá 2010 hefur Frökkum aðeins einu sinni tekist að komast á topp 10 en þá lenti [Amir](#) í 6. sæti í Stokkhólmi 2016. Síðustu tvö ár hafa Frakkar haldið glæsilega forkeppni og lögin úr heinni áttu fínu gengi að fagna. Því voru það vonbrigði fyrir aðdáendur að franska sjónvarpsstöðin France 2 skyldi ákveða að velja flytjanda og lag án forkeppni.

Það kemur í hlut hins gullfallega Tom Leeb að flytja lagið *The Best in Me* sem sungið er á ensku og frönsku. Í frumflutningi lagsins var öllu tjaldað til og Tom söng á toppi á Eiffeltúrnins. Tom, sem er fæddur í París 1989, er ekki aðeins söngvari heldur einnig lagahöfundur og grínisti. Faðir hans [Michael Leeb](#) er frægur grínisti og systir hans tók þátt í [The Voice 2013](#). Tom er einnig með [Youtube-rás](#) með Kevin Levy þar sem hann syngur og leikur í grínatriðum.


Frakkar fengu landslið Svía í lagasmíði til að skrifa lagið en í ár var erlendum lagahöfundum boðið að taka þátt í fyrsta sinn. Við erum að sjálfsgöðu að tala um þá Peter Boström og Thomas G:son. Það er bara eitt orð sem allir ættu að geta tengt þá við Eurovision og það er [Euphoria](#), eitt allra vinsælasta lag sem hefur verið samið í sögu keppninnar. Frökkum fannst greinilega ekki nóg að hafa þá tvo í að semja því bæði [John Lundvik \(Svíþjóð 2019\)](#) og Amir (Frakkland 2016) koma að textasmíðum lagsins. Þau Tom og Lea Ivanne eru einnig titluð í höfundagenginu. Hér má því heyra fallega kraftballöðu sem margir myndu tengja við hina sænsku Melodifestivalen. Það má ef til vill segja að hér sé ekki um að ræða næsta Euphoria-lag en sænsku áhrifin má greinilega heyra.



Ekki hefur verið staðfest að Tom taki þátt í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Georgía



Lag: Lag: **Take Me As I Am**
Flytjandi: Flytjandi: **Tornike Kipiani**
Lag / texti: Lag / texti: **Tornike Kipiani**

Mánudaginn 2. mars sl. tilkynntu Georgíumenn um lagið sem þeir vildu senda til Rotterdam í maí. Georgía hefur verið með í Eurovision síðan árið 2007, fyrir utan árið 2009 þegar lagi þeirra [We Don't Wanna Put In](#) var meinuð þátttaka þar sem það þótti bera pólitísk skilaboð í óþökk Vladimirs Putin Rússlandsforseta. Þetta er því 14. framlag Georgíumanna. Þeir byrjuðu ágætlega og náðu best 9. sæti [2010](#) og [2011](#). Árangurinn síðustu ár hefur hins vegar verið slakari og þeir hafa ekki komist í úrslit síðastliðin þrjú ár.

Eins og í fyrra notuðu Georgíumenn Georgian Idol-keppnina til að velja flytjanda. Sú keppni byrjaði í lok október í fyrra og var um það bil vikulega til áramóta, en lokabátturinn var á gamlárskvöld. Í byrjun voru áheyrndaprufur og fjórir dómara völdu hverjir kæmest áfram. Frá 16. nóvember var komið að almenningi að kjósa og einn keppandi datt úr hvert kvöld. Fjórir keppendur voru eftir á úrslitakvöldinu. Tornike Kipiani var annar í símakosningunni fyrsta kvöldið, en alltaf í fyrsta sæti eftir það þó að ekki hafi munað miklu á lokakvöldinu. Tornike fékk 33,82% atkvæða, en Barbara Samkharadze 31,18%.

Tornike fæddist í Tblisi árið 1987. Lítið má finna um tónlist sem hann hefur komið að síðan hann vann X Factor-keppnina í Georgíu árið 2014 þar til nú, en hann gaf þó út lagið You Are My Sunshine árið 2017.

Nýtt ár hófst á því að velja lag fyrir Tornike og Gerorgíu. Lagið sem varð fyrir valinu heitir *Take Me As I Am* og er eftir Tornike og Aleko Berdzenishvili og er kraftmikil rokkballaða. Aleko þessi átti líka lag í georgísku söngvakeppninni 2017.



Tornike hefur verið staðfestur sem fulltrúi Georgíu í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Grikkland



Lag: SUPERG!RL

Flytjandi: Stefania Liberakakis,

Lag / texti: **Dimítris Kontópoulos og Arcade / Dimítris Kontópoulos, Arcade og Sharon Vaughn**

Grikkir hafa notað ýmsar aðferðir í gegnum árin til að velja framlag sitt til Eurovision-keppinnar. Þeir hafa oft verið með söngvakeppni, en síðastliðin þrjú ár hefur ekki verið nein slík. Valið í ár fór þannig fram að fimm manna dómnefnd valdi lag og flytjanda sem var gert opinbert þann 1. mars sl. Þá höfðu ýmsar sögusagnir verið í gangi um hver yrði fulltrúi Grikkja og var þar á meðal nefnt „strákabandið“ One sem [keppti fyrir Kýpur árið 2002](#). En sú útvalda reyndist hin 19 ára gamla Stefania Liberakakis með lagið *Superg!rl*. Lagið er afrakstur lagateymis sem á mörg Eurovisionlög á bakinu.

Þótt Stefania sé ung að árum er hún svo sannarlega enginn nýgræðingur í tónlistarheiminum og jafnvel á fleiri vígsstöðum, þar sem hún er einnig leikkona og vinsæl á YouTube. Stefania, sem á ættir að rekja til Hollands, hóf tónlistarferilinn árið 2013. Hún tók þátt í Junior Eurovision fyrir hönd Hollands árið 2016 sem hluti af stelpnabandinu Kisses með lagið [Kisses and Dancin](#). Lagið *Superg!rl* á að vera hvatning fyrir ungt fólk um að elta drauma sína án þess þó að gefa eftir í námi og starfi.

Grikkir voru fyrst með í Eurovision árið 1974 og *Superg!rl* átti að verða þeirra fertugasta framlag. Þeir unnu keppnina eftirminnilega árið 2005 þegar Helena Paparizou varð númer eitt með lagið [My Number One](#). Besta tímabil Grikkja í Eurovision var árin 2004-2011 en þá urðu þeir alltaf á topp tíu, átta ár í röð.



Stefania hefur verið staðfest sem fulltrúi Grikklands í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Holland



Lag: Grow
Flytjandi: Jeangu Macrooy
Lag / texti: J.A.U. Macrooy og P.L. Perquin

Hollendingar upplifðu sitt [draumamóment í fyrra](#) eftir 44 ára bið eftir sigri og enn munu þeir þurfa að bíða í ár í viðbót! Í sárabætur fyrir að keppninni í ár í Rotterdam var aflýst munu Hollendingar þó verða gestgjafar keppinnar 2021 og því ber að fagna!

Til að keppa fyrir land sitt á heimavelli var Jeangu Macrooy valinn og ríkismiðillinn AVROTROS skellti í nettan ágiskunarleik til að tilkynna fulltrúa sinn; hann byrjaði á stafnum J. Hann er 27 ára gamall og fæddist í Súrinam en flutti til Hollands árið 2014 til að stunda tónlistarnám. Súrinam er einmitt gömul hollensk nýlenda og faðir Jeangu bjó um tíma í Amsterdam áður en hann flutti til Súrinam til að stofna fjölskyldu. Jeangu vinnur mikið með tvíburabróður sínum, Xillan. Jeangu er ötull baráttumaður fyrir réttindum samkynheigðra og hinsegin fólks og þótt tónlistarnám hafi verið aðalástæða flutnings hans til Hollands var hluti ástæðunnar sú að honum fannst hann ekki geta um frjálst höfuð strokið í Súrinam. Jeangu, sem er sjálfur kominn út úr skápnum fyrir allöngu síðan, vill vera góð fyrirmynd fyrir allt ungt fólk í Súrinam, sem er að uppgötva kynheigð sína og sýna þeim að það sé ekkert rangt við þau.

Jeangu samdi sjálfur lagið *Grow*, sem hann hefði flutt í keppninni í ár. Lagið er sjálfsævisöguleg ballaða og fjallar um að þroskast og finna sjálfan sig. Hann syngur um að því meira sem hann læri, því minna viti hann og að nauðsynlegt sé að sætta sig við lífsins öldudali til að ná framförum og þroskast. Jeangu segir töfra tónlistar til að sameina fólk ástæðuna fyrir því að hann geri það sem hann geri.



Búið er að gefa út að Jeangu tekur þátt fyrir hönd Hollands í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Hvíta- Rússland



Lag: Da Vidna
Flytjandi: VAL (Valeria Gribusova og Vlad Pashkevich)

Lag / texti: Vladislav Pashkevich og Valeria Gribusova /Mikita Naidzenau

Hvít-Rússar tóku fyrst þátt í keppninni árið 2004, árið sem fyrsta undankeppnin var haldin og þeim hefur gengið brösuglega að komast upp í úrslitakeppnina. Sagt er að forseti Hvíta-Rússlands, Alexander Lukashenko hafi verið svo óánægður með hversu illa gekk að eftir Eurovision árið 2009 hafi hann séð til þess að önnur hvít-rússnesk ríkissjónvarpsstöð fengi að sjá um keppnina en verið hafði áður. Hvíta-Rússland hefur þó einungis sex sinnum komist áfram í úrslit af 16 tilraunum.

Sigurvegarinn undankeppni hvít-rússneska sjónvarpsins 2020 var valinn með atkvæðum sérfræðingadómnefndar til helmingis við atkvæði almennings. Meðal sérfræðinganna voru Dmitry Koldun, sem lenti í sjötta sæti með lagið [Work Your Magic](#) árið 2007, (sem er enn besti árangur Hvít-Rússa), Zena, sem keppti í fyrra með lagið [Like it](#) og Kýpverjinn Alex Panayi, sem söng og samdi lagið [Sti fotia](#) árið 1995 og [Nomiza](#) árið 2000. Dúettinn VAL lenti í öðru sæti hjá dómnefnd og hjá almenningi en það dugði til sigurs þegar atkvæðin voru lögð saman, því að stigahæsta lag dómnefndarinnar lenti í fimmta sæti hjá almenningi og stigahæsta lag almennings lenti í því fimmta hjá dómnefnd, sem raðaði þeim í öðru og þriðja sæti á eftir VAL.

Parið Valeria Gribusova og Vlad Pashkevich mynda dúettinn VAL og sungu lagið *Da vidna*, sem þýðir „Fyrir dögun“ á hvít-rússnesku. Val og Vlad kynntust þegar sameiginleg vinkona þeirra bauð þeim að taka þátt í grínatriði í hvít-rússnesku undankeppninni árið 2016. Þau komust hins vegar ekki í hvít-rússnesku úrslitin með lagið [One, Two, Three, Five](#). Bæði hafa þau komið víða við í söngvakeppnum áður, Valeria var t.d. í liði Jamölu í úkraínska The Voice árið 2017 og Vlad útsetti lag Hvíta-Rússlands árið 2017, [Story of my life](#).



Ekki hefur verið staðfest að VAL taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Írland



Lag: Story Of My Life

Flytjandi: Lesley Roy

Lag / texti: Lesley Roy, Robert Marvin, Catt Gravitt, Tom Shapiro
/ Lesley Roy, Catt Gravitt, Tom Shapiro

Írar voru fyrrum happasælir í Eurovision og sigurganga þeirra á 10. áratug síðustu aldar er lyginni líkust. Síðan hefur hvorki gengið né rekið hjá þessum viðkunnaðlegu frændum okkar og írsk framlög hafa ekki átt upp á pallborðið undanfarna tvo áratugi; oftast en ekki haldið sig hægra megin á stigatöflunni eða einfaldlega ekki komist áfram. Skemmst frá því að segja að [framlagið í fyrri 22](#) uppskar einungis 16 stig og endaði í allra seinasta sætinu í undankeppninni og írskir Júróaðdáendur... voru bara alls ekkert hissa.

Í ár hélt RTÉ sig við innbyrðis val þrátt fyrir óánægju almennings og kallaði söngkonuna og lagahöfundinn Lesley Roy í hús, og nú virðist fólk sátta við valið, enda Lesley öfgahress þá sem lætur ekki vaða yfir sig svo glatt. Hún er fædd í Dublin árið 1986 og hefur verið í bransanum síðan um tvítugt. Hún býr til skiptis í New York og heimaborginni og á góðan feril að baki. Lesley hefur starfað með ekki ómerkara fólki en Max Martin og Marc Jordan og m.a samið lög fyrir margar stjórnur.

Lagið *Story of my life* er eituhressst popp í anda Katy Perry. Texti lagsins vísar í upplifun Lesley á bæði tónlistarbransanum og lífinu sjálfu, en hún hvetur fólk til að vera ekki inni í einhverjum fyrir fram ákveðnum kassa, heldur vera það sjálft og lífa lífinu eins og það vill. Og að sögn Lesley geta allir tengt við þennan texta hvernig sem aðstæður eru. Lagið fór beint á toppinn yfir mest spiluðu lögin á Youtube á Írlandi þegar það kom út í byrjun mars og Írar voru orðnir temmilega bjartsýnir á betra gengi. Það er ekki orðið ljóst hvort Lesley Roy muni vera áfram í bílstjórásætinu á næsta ári, en þangað til er um að gera að njóta *Story of my life* og na-na-na-na sig í gegnum lífsins erfiðleika!



Ekki hefur verið staðfest að Lesley taki þátt í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Ísland



Lag: Think About Things
Flytjandi: Daði og Gagnamagnið
Lag / texti: Daði Freyr Pétursson

Daði Freyr skaust upp á Eurovision-stjörnuhimininn í Söngvakeppninni 2017 þegar hann og Gagnamagnið með *Hvað með það?* lentu í 2. sæti á eftir Svölu Björgvins og *Paper*. Erlendir Eurovision-aðdáendur vissu ekki hvaðan á sig stóðu veðrið þegar þeir sáu þennan hávaxna fýr og peysuatriðið en sjálf hafa Daði og Gagnamagnið játað að þau voru nokkuð fegin að sigra ekki. Þetta hafi verið slembilukka og ofsalega skemmtilegt en þau hafi engan veginn verið tilbúin. Hins vegar hafi allar dyr opnast fyrir þau eftir keppnina.

Í raun má samt segja að Daði Freyr hafi Söngvakeppnina í blóðinu því faðir hans og Sigrúnar í Gagnamagninu, Pétur, lék hressilega á bongótrommur í lagi Kötlur Maríu *Samba* í Söngvakeppninni 1993, en hafnaði þó í níunda sæti af tíu mögulegum það kvöld þrátt fyrir það.

Eftir þátttökuna í Söngvakeppninni hefur Daði heldur betur gert það gott; út er komin platan &Co, hann átti geggjað lag í Áramótaskaupinu 2017, sjónvarpsþættirnir Árný og Daði í Kambódíu og Verksmiðjan litu dagsins ljós og hann hefur gert tónlistina að fullu starfi. Síðast en ekki síst gengu Daði Freyr og Árný Fjóla, einnig meðlimur í Gagnamagninu, í hjónaband og áttu dótturina Áróru Björgu en *Think about Things* fjallar einmitt um Áróru. Íslenska útgáfa lagsins fjallar um Gagnamagnið sem kemur utan úr geimnum til að bjarga mannkyninu og stendur vel undir merkjum að vera hresst partylag sem gaman er að dilla sér við.

Einhver orðrómur var um að Daði og Gagnamagnið myndu snúa fljótt aftur í Söngvakeppnina, sér í lagi eftir frábært leynigestsatriði á úrslitum Söngvakeppninnar 2018. Þegar í ljós kom að Eurovision 2019 yrði haldið í Ísrael sló hljómsveitin það út af borðinu vegna deilna Ísraels-manna og Palestínubúa. Þau mættu svo tvíefld í Söngvakeppnina í ár og uppskáru sannarlega eins og þau sáðu.



Ekki hefur verið staðfest að Daði taki þátt í Eurovision 2021.

Hér má finna texta lagsins

Ísrael



Lag: Feker Libi
Flytjandi: Eden Alene
Lag / texti: Doron Medalie og Idan Raichel

Í ár skipulögðu Ísraelar eina keppni til að finna Eurovision-flytjanda fyrir 2020 og aðra keppni til að finna rétta lagið fyrir téðan flytjanda en sú keppni er ný af nálinni.

Í febrúar sigraði Eden Alene 19 aðra keppendur í Next Star 2020. Eden er tvítug balletdansmær sem fæddist í Jerúsalem en er eþiópísk að uppruna. Eden sigraði X Factor Ísrael 2018 og þjónar þessa dagana í ísraelska hernum sem skemmtikraftur. Í mars var síðan haldin keppnin The Next Song For Eurovision þar sem Eden söng fjögur lög sem áttu möguleika á að vera Eurovision-framlag Ísraela 2020. Úrslitin voru í höndum fagðómnefndar og almennings og bar lagið Feker Libi sigur úr bítum.

Lagið *Feker Libi* er eftir þá Doron Medalie og Idan Raichel. Doron þennan ættu mörg að kannast við enda hefur hann samið Eurovision-framlögin [Toy \(2018\)](#), [Made of Stars \(2016\)](#) og [Golden Boy \(2015\)](#). Idan Raichel ættu sömuleiðis einhver að kannast við; fyrir utan að vera einn af vinsælustu tónlistarmönnum Ísraels skemmti hann í hléi á aðalkeppni Eurovision 2019.

Lagið Feker Libi er sungið á ensku, hebresku, arabísku og amharísku (sem er semískt tungumál talað í Eþiópíu og Erítreu). Titillinn Feker Libi þýðir ástin mín á amharísku og er tenging við rætur söngkonunnar en báðir foreldrar hennar eru frá Eþiópíu. Laginu er lýst sem litríku poppi sem blandar saman afrískum danstöktum með smitandi áhrifum frá Miðausturlöndum (...kynningartextinn lagsins hefur augljóslega verið skrifaður áður en kórónaveiran fór á stjá. Já, og fatnaður bakraddardansara líkist alls ekki smitvarnarhlífðargalla). Mörg hafa haft á orði að þetta eina lag innihaldi nokkur lög en hvað sem því líður er ljóst að það er mikið spilað í heimarækt nokkurra FÁSES-félaga þessa dagana.



Ísraelska sjónvarpið KAN hefur tilkynnt að Eden Alene muni flytja framlag Ísraels í keppninni 2021.

Hér má finna texta lagsins

Ítalía



Lag: Fai Rumore

Flytjandi: Diodato

Lag / texti: Antonio Diodato og Edwyn Roberts

Ítölum hefur gengið vel í Eurovision síðustu ár. Þeir sneru aftur árið 2011 eftir langa pásu frá 1997, unnu þá dómnefndaratkvæðin og [símakosninguna árið 2015](#). Þeir hafa þó ekki farið með sigur af hólmi frá 1990 þegar Toto Cutugno söng [um sameinaða Evrópu](#) og svo unnu þeir líka [1964](#). Þeir eru með einn besta árangur áratugarins og athyglisvert að árangur Ítala er miklu, miklu betri síðustu ár en hjá hinum stóru þjóðunum. Í fyrra náði [Soldi](#) með Mahmood 2. sæti í Eurovision og varð afar vinsælt víða um Evrópu.

Tuttugu og fjögur lög tóku þátt í Sanremo í ár, en hugmyndafræði Eurovision er byggð á þessari rótgrónu ítölsku söngvakeppni. Eftir tvö undankvöld voru svo úrslit og þá fengu 23 flytjendur að flytja lög sín en einum var vísað úr keppni – drama! Atkvæðavægi var þannig að fagdómnefnd, almenningsdómnefnd og símakosning höfðu öll vægi að einum þriðja hluta. Meðal flytjenda voru kunnugleg nöfn; Raphael Gualazzi sem flutti lagið [Madness of Love](#) í Eurovisionkeppninni 2011 og endaði í öðru sæti. Francesco Gabbani keppti aftur, þó ekki með [górillu sér við hlið eins og 2017](#). Einnig voru þarna gamlir sigurvegarar Sanremo-keppinnar sem kepptu þó ekki í Eurovision; Marco Masini ([1990](#), 2004), Tosca ([1996](#)) og Michele Zarrillo ([1987](#)).

Að lokum kepptu efstu þrjú lög í Superfinal; í 3. sæti endaði hljómsveitin Pinguini Tattici Nucleari eða „taktískar kjarnorkumörgæsir“ með lagið [Ringo Starr](#); í 2. sæti varð Francesco Gabbani með lagið [Viceversa](#) sem mætti þýða sem Hins vegar og þótti hann líklegastur til að sigra. Sigurvegarninn varð þó Antonio Diodato með lagið Fai Rumore eða Lætin í þér alltaf. Diodato er fæddur árið 1981 og hefur verið virkur í tónlist frá árinu 2007 og gefið út 2 plötur.

Sá sem vinnur getur neitað því að taka þátt í Eurovision og er þá gengið á röðina til að finna út þann sem vill hljóta þann heiður. Fyrir lokakvöldið höfðu 16 flytjendur lýst sig tilbúna til að taka þátt í Eurovision fyrir hönd Ítala. Diodato samþykkti að taka þátt í Eurovision.



Ekki hefur verið staðfest að Diodato taki þátt í Eurovision 2021

Hér má finna texta lagsins

Króatía

Lag: Divlji Vjetre
Flytjandi: Damir Kedžo
Lag / texti: Ante Pecotić



Það er búið að vera fremur dapurt yfir gengi Króatíu undanfarin ár. Síðast mörðu þeir það upp úr undankeppninni þegar tvískipti persónuleikinn Jacques Houdek [fór í dúett við sjálfan sig](#) í Kænugarði 2017 en gerði ekki gott mót í aðalkeppninni. Króatar hafa tekið þátt í Eurovision sem sjálfstætt ríki síðan 1993 og hafa hæst komist í 4. sætið, en það gerðu þeir bæði árið 1996, með söngkonunni [Maju Blagdan](#) í Osló, og svo aftur árið 1999, þegar [Doris Dragovic](#) söng um Mariu Magdalenu, sælla minninga. Hins vegar hefur fyrsta sætið látið bíða eftir sér. Tæknilega má segja að Króatar hafi unnið keppnina 1989, þegar hljómsveitin Riva [tók fyrsta sætið](#) fyrir hönd þáverandi Júgóslavíu, en sveitin sú átti rætur sínar að rekja eingöngu og alfarið til Zagreb-hrepps.

Í söngvakeppninni Dora í ár áttust við efstir þau Damir Kedžo og Mia Negovetic. Er stig dóm-nefndar höfðu verið talin var Mia í efsta sæti með 16 en Damir fylgdi fast á eftir með 15 stig. Hann hafði síðan betur en Mia í símakosningunni og samanlagt voru þau jöfn að stigum eftir að talningu lauk. Þar sem Damir hafði unnið símakosninguna var hann krýndur sigurvegari Dora 2020. Hann flutti ballöðuna *Divlji Vjetre* eða Villtir Vindar, eins og það myndi útleggjast á ástkæra ylhýra.

Damir er fæddur í bænum Omisalj árið 1987 og er því rétt að skriða í 33. aldursárið þegar þetta er skrifað. Hann hefur lengst af sérhæft sig í popptónlist og átt góðu gengi að fagna í heimalandinu. Hann kom fyrst fyrir sjónir almennings í hæfileikakeppninni Story Supernova Music Talents og heillaði fólk með útgeislun, hæfileikum og almennilegheitum, þrátt fyrir að hafa ekki unnið keppnina sjálfa. Damir segir sjálfur að það hafi nú ekki verið gefins að fara út í tónlist. Sem unglingur þurfti hann að gangast undir erfiða aðgerð á kjálka og óvíst með söng í framtíðinni. Sem betur fer er Damir svona slavneskur nagli og náði sér fullkomlega.



Ekki hefur verið staðfest að Damir taki þátt í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Kýpur



Lag: Running
Flytjandi: Sandro (Alessandro H. Ruetten)

Lag / texti: Alfie Arcuri, Sebastian Rickards, Octavian Rasinariu, Sandro og Teo DK

Það fór engin forkeppni fram á Kýpur í ár þegar framlagið í Eurovision 2020 var valið. Kýpverjar hafa notað ýmsar aðferðir til að velja lagið sitt í gegnum tíðina. Fyrir fimm árum var fyrirkomulagið til dæmis þannig að hvorki meira né minna en 54 lög kepptu um að verða framlagið og tók ferlið níu vikur. Síðastliðið haust valdi kýpverska sjónvarpið CyBC úr 120 mögulegum lögum. Þann 29. nóvember sl. var svo tilkynnt að söngvarinn Sandro yrði fulltrúi Kýpur í Eurovision 2020.

Þann 11. febrúar var svo lagið *Running* tilkynnt og var það frumflutt í forpartýi Melodi-festivalen í Svíþjóð þann 6. mars síðastliðinn. Lagið er eftir Sandro, Alfie Arcuri, Sebastian Rickards, Octavian Rasinariu og Teo DK. Sandro hefur sjálfur lýst laginu þannig að það sé eitthvað sem komi beint frá hjartanu.

Sandro eða Alessandro Rütten eins og hann heitir, er fæddur árið 1996 í Þýskalandi og ólst þar upp. Hann á gríska móður og bandarískan föður. Hann keppti í The Voice of Germany árið 2018 og ári síðar hafnaði hann í 5. sæti fyrir Bandaríkin í New Wave, sem er alþjóðleg söngvakeppni fyrir unga söngvara, sem haldin hefur verið í Lettlandi eða Rússlandi frá árinu 2002.

Kýpur var fyrst með í Eurovision árið 1981 og Running átti að verða þeirra 37. framlag. Eins og staðan er núna er Kýpur það land sem hefur beðið lengst eftir sigri af þeim sem hafa aldrei unnið. Kýpur hefur tekið 36 sinnum þátt í Eurovision án sigurs en Ísland og Malta hafa tekið þátt 32 sinnum hvort. Kýpur hefur þrisvar verið í fimmta sæti, með löngu millibili og var þar þeirra besti árangur ansi lengi eða þar til fyrir tveimur árum. Þá varð Íslandsvinurinn Eleni Foureira í öðru sæti með lagið [Fuego](#) sem flestir ættu að muna eftir.



Ekki hefur verið staðfest að Sandro taki þátt í Eurovision 2021.

Hér má finna texta lagsins

Lettland



Lag: Still Breathing
Flytjandi: Samanta Tīna
Lag / texti: Samanta Tīna/Aminata Savadogo

Lettar eru búnir að vera svolítið týndir undanfarin ár í keppninni. Síðast komust þeir í aðalkeppnina 2016, þegar krúttmolinn Justs hlaut náð fyrir augum Evrópu. Síðan þá hefur hvorki gengið né rekið hjá þessum fyrrum sigurvegurum og skiljanlega er fólk þar á bæ orðið örlítið pirrað yfir slæmu gengi landsins. En ekki gefast þeir upp, blessaðir, og því ber að fagna.

Forkeppnin Supernova fór fram með pompi og prakt í Riga, og á endanum var það Samanta Tina, sem heillaði landa sína upp úr skónum með lagið sitt *Still Breathing*. Einungis níu lög kepptu til úrslita í Lettlandi að þessu sinni, en þau voru valin úr hópi 28 laga sem komust í gegnum nálarauga lettneska sjónvarpsins. Hrein síma- og netkosning almennings réði úrslitunum en samanlögð prósentu úr báðum kosningum leiddi í ljós að Samanta var réttkjörinn sigurvegari Supernova 2020.

Í seinustu tvö skiptin sem Lettland komst áfram upp í aðalkeppnina, var söngkonan og lagahöfundurinn Aminata Savadogo potturinn og pannan í því; samdi og flutti [Love Injected](#) í Vín 2015 og kom Lettum í topp tíu, og ári seinna samdi hún lagið [Heartbeat](#) sem Justs og jakkinn hans fluttu með bravúr í Stokkhólmi. Nú er Aminata aftur á ferð, en hún semur *Still Breathing* ásamt Samöntu. Talandi um stórskotalið! Texti lagsins er óður til nútímakonunnar sem nær að halda jafnvægi á öllum vígstöðvum, í heimilis-, vinnu- og einkalífi.

Samanta sjálf er ekkert bláókunnug aðdáendum Eurovision. Hún hefur fimm sinnum áður tekið þátt í Supernova og einu sinni í litháísku forkeppninni Eurovizijos Atranka og loksins, loksins hafði hún erindi sem erfiði. Hún er fædd í Turkums fyrir réttum 30 árum og ferill hennar hófst fyrir um áratug síðan, þegar hún vann hæfileikabáttinn O!Kartes akademija, þar sem fyrstu verðlaun voru námsstyrkur við Tech Music School í Lundúnum.



Ekki hefur verið staðfest að Samanta taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Litháen



Lag: On Fire

Flytjandi: The Roop

Lag / texti: Vaidotas Valiukevičius, Robertas Baranauskas og Mantas Banišauskas

Litháar hafa verið með í Eurovision frá árinu 1994 og eru eina Eystrasaltsþjóðin sem ekki hefur ennþá marið sigur í keppninni. En samt hafa þeir komist oftár áfram í aðalkeppnina en nágrennar þeirra í Eistlandi og Lettlandi. Þeim þykir því kominn tími til að eitthvað gerist í þessum málum. Þeir hafa tvisvar sinnum verið á topp tíu; árið 2006, þegar sveitin [LT United](#) hélt því fram að þeir væru sko sigurvegararnir og síðan árið 2016 þegar hrokkinkollurinn [Donny Montell](#) söng sig alla leið í 9. sætið.

Lengi vel framan af völdu Litháar framlag sitt í gegnum langlokuna Eurovizijos Atranka sem innihélt fleirihundruð og fimmtíu forvöl, forkeppnir, undankeppnir, einvígi o.s.frv. og þegar allir voru við það að missa lífsviljann, smelltu þeir í eitt stykki aðalkeppni. En í ár voru einungis þrjú forvöl og tvær undankeppnir og það var m.a.s skipt um nafn í leiðinni. Eurovizijos Atranka heitir nú Papadom is nauju:2020 og þjóðin kaus kvartettinn THE ROOP.

Átta lög kepptu til úrslita og að vanda samanstóð kosningin af atkvæðum almennings og dómnefndar. Að þessu sinni voru bæði dómnefnd og litháíska þjóðin á einu máli. THE ROOP sigraði með ofurhressa og skemmtilega indírokk slagarann *On Fire*. THE ROOP var stofnuð í Vilnísu fyrir nokkrum árum og sérhæfir sig í gamansömu indí rokki. Árið 2018 lentu þeir [í þriðja sæti í Eurovizijos Atranka](#) en þurftu að lúta í lægra haldi fyrir levu Zazimauskaite.

Að sögn Vaidotas Valiukevicius, forsprakka sveitarinnar, fjallar texti *On Fire* um þá tilhneingingu okkar að afskrifa okkur sjálf alltof fljótt, vegna þess að við séum ekki nógu góð, ekki nógu gáfuð, ekki nógu hæfileikarík, of ung, of gömul o.s.frv. Og THE ROOP vill einfaldlega að við hættum svoleiðis rugli! En þrátt fyrir merkingarþrunginn texta er lag og sviðsframkoma sveitarinnar ekkert nema léttleikinn. Litháar tefldu í ár fram ofurhressu indírokki með alvarlegum undirtóni.



Litháar ætla að halda undankeppni 2021 og The ROOP hefur verið boðin þátttaka þar

[Hér má finna texta lagsins](#)

Malta



Lag: All Of My Love

Flytjandi: Destiny

Lag / texti: Bernarda Brunovic, Borislav Milanov, Sebastian Arman, Dag Lundberg, Joacim Persson og Cesár Sampson

Maltneska sjónvarpið PBS hafði ákveðið að nota raunveruleikabáttinn X Factor Malta til að velja flytjanda fyrir þátttöku þeirra í Eurovision 2020, sem er reyndar búið að aflýsa núna. PBS var þá að fara sömu leið og í fyrra, en [Michela Pace](#) var valin úr X Factor Malta-þáttunum og komst í úrslit Eurovision. Þátturinn hófst með áheyrendaprufum í byrjun október og beinar útsendingar hófust síðan í janúar. Úrslitabátturinn var svo þann 8. febrúar sl. Tólf atriði voru í úrslitabættinum, valin úr fjórum hópum. Sigurvegari var hin 17 ára Destiny Chukunyere. Þrátt fyrir ungan aldur er hún alvön söngvakeppnum. Hún vann [Junior Eurovision-keppnina árið 2015](#) og kom aðeins fyrir í Eurovision-keppninni 2016. Árið 2017 tók hún þátt í Britain's Got Talent og endaði í 6. sæti.

Margt er sameiginlegt með Möltu og Íslandi og ekki bara þegar kemur að Eurovision. Báðar þjóðir eru smáþjóðir og eyjaskeggjar. Eurovisionáhuginn er hvergi meiri og götur auðar meðan á keppni stendur. Maltverjar tóku fyrst þátt 1971 en tóku sér gott hlé 1975–1991. Og eins og við er besti árangurinn 2. sætið sem þeir hafa líka náð tvisvar. Ira Losco vermdi 2. sætið árið 2002 með lagið [7th Wonder](#) og Chiara með lagið [Angel](#) árið 2005, sem hún söng óaðfinnanlega. Ira Losco [tók aftur þátt árið 2016](#) og Chiara var einnig fulltrúi Möltu í Eurovision [1998](#) og [2009](#).

Eftir að Destiny hafði verið valin var fundið lag handa henni. Lagið sem varð fyrir valinu heitir *All My Love* og er eftir Bernarda Brunovic, Borislav Milanov, Sebastian Arman, Dag Lundberg og Joacim Persson. Bæði Borislav og Joacim hafa áður samið lög fyrir Eurovision eða söngvakeppnir landanna. Cesár Sampson, sem vann dómnefndakosninguna fyrir [Austurríki 2018](#), kom svo að því að útsetja lagið með þeim. Þetta er fjörugt og skemmtilegt popplag með Eurovisionlegum texta þar sem rödd Destiny fær að njóta sín.



Ekki hefur verið staðfest að Destiny taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Moldóva



Lag: Prison

Flytjandi: Natalia Gordienko

Lag / texti: Dimitris Kontopoulos, Phillip Kirkorov/Sharon Vaughn

Moldóvska undankeppnin fyrir Eurovision fór fram í tveimur hlutum. Þeir 35 listamenn sem höfðu sent lög sín til moldóvska sjónvarpsins til að taka þátt í undankeppninni fluttu lög sín í strípaðri útgáfu fyrir dómnefnd. Upphaflega stóð til að dómnefndin veldi sigurvegarann en vegna gæða laganna sem voru flutt var ákveðið að halda 20 laga úrslit, sem urðu reyndar 19 laga úrslit, þar sem einn listamaðurinn dró sig úr keppni. Sigurvegarinn var valinn af sjö manna dómnefnd og atkvæðum úr símakosningu. Það var svo reynsluboltinn Natalia Gordienko sem fékk flest atkvæði beggja með laginu *Prison*. Aðrir keppendur gagnrýndu skort á gegnsæi í keppninni og létu að því liggja að peningar hefðu eitthvað að gera með hvernig úrslit keppinnar réðust. Ásakanir um spillingu hafa verið viðloðandi moldóvsku keppnina í áraradír en risu hæst árið 2015 þegar úkraínski keppandinn [Eduard Romanyuta vann](#).

Hin 32 ára Natalia er fædd í höfuðborg Moldóvu, Chişinău. Hún stundaði píanónám og var í kór og dansflokki skóla síns. 15 ára gömul tók hún þátt í sinni fyrstu söngvakeppni en hún hefur tekið þátt í þeim mörgum innan og utan heimalandsins. Árið 2008 var hún valin heiðurs-listamaður Moldóvu. Lagið er samið af sama teymi og samdi lag Rússans Sergey Lazarev, [Scream](#), í fyrra og þar fremstur meðal jafningja æringinn Philipp Kirkorov sem hefur marga Eurovision-fjöruna sopið.



Ekki hefur verið staðfest að Natalia taki þátt í Eurovision 2021


[Hér má finna texta lagsins](#)

Norður- Makedónía

Lag: **YOU**

Flytjandi: **Vasil**

Lag / texti: **Nevena Neskoska, Kalina Neskoska og Alice Schroeder**



Ríkissjónvarpið í Norður-Makedóníu, MRT, bað Vasil að taka verkefnið að sér sem hann þáði. Ekki var nein söngvakeppni haldin í ár, frekar en oftast áður. Vasil er ekki alveg ókunnur Eurovision, en hann var í bakröddum hjá Tamöru Todevska í laginu [Proud](#) í fyrra, en þá náði Norður-Makedónía 7. sæti og sínum besta árangri í Eurovision frá upphafi. Tamara vann dómnefndarkosninguna, en það uppgötvaðist reyndar ekki fyrr en á miðvikudeginum eftir keppni. Fram að því voru [Svíar](#) taldir sigurvegarar dómnefndarkosningarinnar. Þegar atkvæðum úr símakosningu hafði verið bætt við endaði Norður-Makedónía í 7. sæti og bætti þá árangur sinn um fimm sæti. Besti árangur fyrir þann tíma var [12. sæti árið 2006](#), þegar landið hét Fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedónía. Þjóðin reyndi fyrst að vera með í Eurovision árið 1996, en á þeim tíma þurfti að fara í gegnum síu. Makedónía komst ekki í gegnum hana fyrr en árið 1998.

Lagið *Proud* fjallaði um konur og lagið *YOU* í ár er eftir konu, Nevönu Neskosa. Hún er makedónísk söngkona og framleiðandi, fæddist reyndar í Ohrid og er alin upp í Chicago. Hún lærði lagasmíðar í Berklee College of Music. Textinn er eftir þrjár konur, Nevenu, Kalinu Neskoska og Alice Schroeder.

Vasil Garvanlie er fæddur árið 1985 og mjög reyndur söngvari. Hann byrjaði að koma fram þegar hann var sjö ára. Þegar hann var 12 ára flutti fjölskyldan til Bandaríkjanna. Þar hélt hann strax áfram í tónlist og byrjaði þar í barnakór í Chicago. Vasil flutti aftur til Norður-Makedóníu fyrir tveimur árum og hefur gert vinsælu lögin Gjerdan, Patuvam og Mojata Ulica.

Lagið er tíunda Eurovisionlagið sem hefur titil sem byrjar á *You* og eitt annað heitir líka bara [You, sænska Eurovisionframlagið 2013](#). Lagið er skemmtilegur danssmellur sem er auðveldlega hægt að dansa við núna þegar maður á að halda sig heima.



Ekki hefur verið staðfest að Vasil taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Noregur



Lag: Attention

Flytjandi: Ulrikke Brandstorp

Lag / texti: Kjetil Mørland, Christian Ingebrigtsen og Ulrikke Brandstorp

Í tilefni af 60 ára afmæli hinnar norsku söngvakeppni, Melodi Grand Prix, ákváðu Norðmenn að skella í metnaðarfulla söngvakeppnisveislu með fimm undankvöldum í Osló og einu stærsta úrslitakvöldi í sögu norsku söngvakeppninnar í Þrándheimi.

Í úrslitunum voru 10 lög sem kepptust um hylli norsku þjóðarinnar; fimm valin innbyrðis hjá norska sjónvarpinu og fimm valin í gegnum undankeppnir. Í fyrstu umferð átti að kjósa í netkosningu fjögur lög áfram í þá næstu en því miður hrundi netkerfið vegna álags og grípa þurfti til varaplans; 30 manna sérvalinnar dómnefndar sem valdi lögin fjögur. Gagnrýnisráddir risu vegna fyrirkomulags varaplansins, og átti eftir að koma í ljós að dómur dómnefndarinnar byggði ekki einu sinni á lífandi flutningi laganna heldur einungis af hljóðútgáfu laganna.

Ný netkosning var svo á milli þessara fjögurra laga. Í þetta skiptið virkaði allt eins og áætlað var og norskur almenningur kaus lögin *Pray For Me* og *Attention* áfram í einvígið. Í þriðju og síðustu umferðinni voru lögin tvö flutt á ný og kosið um endanlegan sigurvegara.

Eftir æsispennandi stigagjöf, þar sem stig frá hverju kjördæmi voru tilkynnt af fyrrum keppendum í norsku söngvakeppninni, var það Ulrikke Brandstorp með lagið *Attention* sem vann með 200.345 atkvæðum. Kristin og lag hennar *Pray For Me* var þó ekki langt frá sigrinum, en það hlaut 194.667 atkvæði. Það munaði því einungis rétt tæplega 6000 atkvæðum á fyrsta og öðru sætinu.

Einn af höfundum sigurlagsins *Attention* er Kjetil Mørland, góðkunningi Eurovision sem samdi og var annar flytjandi framlags Noregs árið 2015 [A Monster Like Me](#). Ulrikke var heldur ekki ókunnug norsku forkeppninni, en hún tók þátt árið 2017 með lagið [Places](#) sem endaði í fjórða sæti. Hún hefur verið dugleg að nýta sér þær söngkeppnir sem norskt sjónvarp býður upp á. Þannig tók hún þátt í norsku útgáfunni af *Idol* árið 2013, *The Voice* árið 2015 og svo í norska þættinum *StjerneKamp* árið 2018.



Norðmenn ætla að halda MGP 2021. Ulrikke var boðið að vera svartipétur í úrslitunum en hún afþakkaði það.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Portúgal

Lag: Medo De Sentir
Flytjandi: Elisa
Lag / texti: Marta Carvalho



Portúgalir ætluðu að sjálfsgöðu að vera með í Eurovision árið 2020 og héldu sína hefðbundnu söngvakeppni Festival da Canção. Tvær forkeppnir fóru fram þann 22. og 29. febrúar sl. Forkeppnirnar fóru fram í Lissabon en úrslitin í smábænum Elvas sem er ekki langt frá landamærum Spánar. Sextán lög kepptu í Festival da Canção í ár, átta í hvorri forkeppni. Fjögur lög komust áfram hvert kvöld og voru því átta lög í úrslitunum 7. mars sl. Þriðja árið í röð mátti syngja á hvaða tungumáli sem er. Úrslitin, bæði í forkeppnum og úrslitum, voru ákveðin með helmings vægi fagðómnefndar og helmings vægi almennings úr símakosningu.

Portúgalir hafa verið með í Eurovision frá árinu 1964 að fimm árum undanskildum, og átti framlagið þeirra 2020 að verða 52. framlag þeirra. Árangur Portúgala í keppninni er ekki sá besti og hafa þeir meðal annars hafnað í síðasta sæti fjórum sinnum. Þeirra langbesti árangur var hins vegar sætur og öruggur sigur fyrir þremur árum þegar Salvador Sobral heillaði Evrópu með laginu [Amar Pelos Dois](#). Portúgölsku Eurovisionlögin hafa nær alltaf verið valin í gegnum Festival da Canção.

Sigurvegjarinn varð Elisa með hugljúfu og notalegu ballöðuna *Medo de sentir* sem mætti þýða sem Tilfinningahræðsla. Hún varð í öðru sæti bæði hjá dómnefnd og almenningi, sem voru ekki sammála um besta lagið. Elisa, eða Maria Elisa Silva eins og hún heitir fullu nafni, er tvítug söngkona frá Ponta do Sol í Madeira. Tónlistarferill hennar er ekki langur en hún hefur þó tekið þátt í Idol-keppninni í Portúgal.



Ekki hefur verið staðfest að Elisa taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Pólland



Lag: Empires

Flytjandi: Alicja (Alicja Szemplińska)

Lag / texti: Patryk Kumor, Dominic Buczkowski-Wojtaszek, Laurell Barker og Frazer Mac

Pólverjar völdu framlag sitt til Eurovisionkeppninnar þann 23. febrúar síðastliðinn. Söngvakeppnin þeirra heitir Szansa na Sukces – Eurowizja 2020 og þrjá undangengna sunnudaga voru haldnar forkeppnir. Í hverri þeirra kepptu sjö flytjendur um að verða fulltrúi Póllands og einn komst áfram. Mismunandi þemu voru í hverri undankeppni. Í fyrstu keppninni sungu allir ABBA-lög, Eurovisionlög voru flutt í annarri forkeppninni og Bítlalög í þeirri þriðju. Dómnefnd sá um að velja flytjanda sem færi áfram úr forkeppnunum; skipuð þekktum pólskum Eurovisionföllum, t.d. Cleo sem margir muna eftir frá [2014](#), Michał Szpak frá [2016](#) og Gromee, sem samdi framlag [Póllands 2018](#).

Pólverjar hafa verið með í Eurovision frá 1994 og voru þeir því að velja sitt 23. framlag. Fjórtán sinnum hafa Pólverjar verið með úrslitunum. Besta árangri sínum náðu þeir í fyrstu tilaun þegar Edyta Górniak söng [To nie ja](#). Þeir hafa tvisvar verið á topp tíu eftir það, [2003](#) og 2016.

Prír söngvarar voru því í úrslitakeppni Szansa na Sukces og gildi símakosning til helminga á móti dómnefndinni sem var eins skipuð. Hver keppandi flutti tvö lög, gamlan Eurovisionsmell og lagið sem viðkomandi hugðist fara með til Rotterdam.


Að lokum var það hin unga og efnilega Alicja sem landaði sigri með lagið *Empires*. Lagið er kraftballaða og myndi sóma sér vel í eins og einni James Bond-mynd. Síðan Conchita Wurst [vann 2014](#) hefur stundum verið haft á orði að eitt James Bond-lag sé í hverri Eurovisionkeppni og í ár kemur það sem sagt frá Póllandi!



Ekki hefur verið staðfest að Alicja taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Rúmenía



Lag: Alcohol You

Flytjandi: Roxen

Lag / texti: Ionuț Armaș, Viky Red/Ionuț Armaș og Breyan Isaac

Rúmenía hefur boðið okkur upp á ýmiskonar samansull í gegnum tíðina, bæði rosa gott og eins æðislega slæmt, en alltaf eftirminnilegt. Hver man ekki eftir teknósnuðinum Mihai og [Tornero](#)? Nú, eða vampírurabbanum [Cezar](#), sem mætti með túrtappana sína á sviðið? Og ekki má gleyma sómaparinu Ovi og Paulu, sem áttu eitt svakalegasta þriðja sæti seinni ára, með [Playing with fire](#) þar sem Paula tók háa C-ið upp á nýtt stig! Undanförunum tveimur árum vilja Rúmenar þó helst gleyma, enda niðurstöðurnar ekkert til að hrópa húrra yfir. Síðast komust þeir í nefnilega í aðalkeppnina með jóðsteikina [Yodel It!](#) árið 2017 og ekkert hefur gengið upp síðan þá.

Rúmenska sjónvarpið gerði yfirhalningu á forvali sínu að þessu sinni og í stað þess að vera með hefðbundna forkeppni, var ákveðið að kalla söngkonuna Roxen til leiks sem kjörinn fulltrúa Rúmeníu í Eurovision. Roxen var síðan látin flytja fimm lög á úrslitakvöldi Selectia Nationala 2020 þann 1. mars sl sem áhorfendur og séralin dómnefnd kusu á milli. Kraftballaðan *Alcohol You* varð hlutskörpust á endanum.

Gárungar segja að Roxen hafi verið ákveðin frá upphafi að fara með *Alcohol You* til Rotterdam og þess vegna viljandi verið eins og líflaus gína þegar hún söng lagið [Cherry Red](#) sem hafði verið vinsælast fram að því, en við seljum það nú ekki dýrara en við keyptum það. Þetta er hin dægilegasta ballaða og fjallar um þennan ákveðna tímapunkt á djamminu eða gardínufylleríinu þegar við fáum þá "snilldarhugmynd" að hringja full í strákinn/stelpuna sem við erum skotin/n í.

Roxen heitir réttu nafni Larisa Roxana Giurgiu og er aðeins tvítug. Hún skaust upp á stjörnu-himininn fyrir rétt um ári síðan og er því ekki mesti reynsluboltinn í bransanum. Eitthvað hafði stelpa greinilega við sig því að rúmenska sjónvarpið var snögg að læsa klónum í hana og bjóða henni að keppa fyrir hönd landsins í Hollandi.




Staðfest er að
Roxen tekur þátt
fyrir hönd Rúmeníu
í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Rússland

Lag: Uno
Flytjandi: Little Big
Lag / texti: Little Big



Rússar létu aldeilis bíða eftir útgáfu Eurovisionframlagsins 2020 og héngu eins og svo oft í efstu sætum veðbanka án þess að nokkurt lag hefði komið út. Menn búast alltaf við einhverju rosalegu frá Rússlandi og því voru væntingar í hámarki þegar rússneska sjónvarpið tilkynnti í byrjun mars að hljómsveitin Little Big yrði fulltrúi þeirra. Lagið *Uno* var síðan gefið út 12. mars sl.

Little Big er pönkpoppreifband frá Sankti Pétursborg og hefur verið að frá árinu 2013. Hljómsveitarmeðlimir eru Ilya Prusikin (söngvari), Sergey Gokk Makarov (DJ), Sonya Tayurskaya (söngkona) og Anton Boo Lissov (MC). Sveitin gerði apríl-gabbvideo sem varð mjög vinsælt. Í kjölfarið var þeim boðið að hita upp fyrir Die Antwoord og urðu þá að semja sex lög í hveli og allt í einu varð bandið til. Little Big hefur gefið út þrjár plötur og notið mikill vinsælda fyrir háðsádeilu-gjörninga sína. Lögin eru hress elektródansmúsík með poppreifvafi og myndböndin eru litrík með grípandi danssporur. Eitt vinsælasta lag þeirra, [Skibidi](#), er með ríflega 400 milljónir áhorfa á Youtube og hefur verið endurgert ótal sinnum, m.a. í anda Minecraft.

Eurovisionframlag Little Big, *Uno*, er á ensku og spænsku og hefur hlotið þó nokkra athygli fyrir að kunna ekki að telja upp á þremur. Hugmyndina að laginu fékk sveitin í fríi í Los Angeles í febrúar sl. Fyrir *Uno* bætti bandið sig við tveimur sveitarmeðlimum, Yuriy Muzychenko og Florida Chanturia ásamt einu stykki kung-fu-dansara í bláum samfestingi, Dmitry Krasilov, jú og fullt af útvíðum buxum í anda þessa 70's diskódanslags.



Ekki hefur verið staðfest að Little Big taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

San Marínó



Lag: Freaky!

Flytjandi: Senhit

Lag / texti: Gianluigi Fazio, Henrik Steen og Nanna Bottos

Við dýrkum endurkomur í Eurovision og elsku litla San Marino hefur sko aldeilis verið duglegt að endurvinnna söngvarana sína. Valentina Monetta hefur komið aftur nokkrum sinnum og öllum til gleði í fyrra, sneri töffarinn og dásemdin [Serhat aftur](#) og fann ekki aðeins upp nýja tóntegund, heldur náði besta árangri San Marino frá upphafi. Nú er það ítalska söngkonan og partýpinninn Senhit, sem [kepti árið 2011](#) í Düsseldorf með fremur óeftirminnilegt lag en hafði aftur á móti eftirminnilega og skemmtilega nærveru og lagið hennar *Freaky!*.

SMRTV sem er ríkismiðillinn í San Marino, tilkynnti þann 6. mars sl. að þeir hefðu valið Senhit innbyrðis og netverjar fengu fimm lög til að velja um fyrir hana. Eitt þeirra, *Cleopatra* var síðar dregið til baka eins og komið hefur fram hjá Aserbaídsjan, en laginu [Obsessed](#) var smellt inn í staðinn. Þegar upp var staðið, stóð valið á milli þess og *Freaky*, sem upphaflega hét *Freaky, freaky, freaky* (titillinn var skiljanlega örlítið stytur). Það var mjótt á munum milli laganna, en á endanum var það *Freaky!* sem varð fyrir valinu með tæp 52% atkvæða, en *Obsessed* var með rétt rúm 48% atkvæða.

Senhit heitir réttu nafni Senhit Zadik Zadik og er fædd í Bologna árið 1979. Foreldrar hennar eru innflytjendur frá Eritreu og hún hefur alltaf verið mjög stolt af uppruna sínum þrátt fyrir að stíla meira inn á ítalskan markað þegar kemur að tónlist. *Freaky!* er í anda *Serhat* og er diskóvænn smellur sem fjallar um það að vera alltaf trúur sjálfum sér og njóta lífsins, í hvaða mynd sem það kann að vera. Senhit hefur sjálf lítið gefið út um kynhneigð sína (enda skiptir hún ekki máli) en er mikil stuðningsmanneskja fyrir réttindum LGBT+ fólks. *Freaky!* er svo sannarlega velkomin viðbót í flóruna hvernig sem fólk kys að túlka lag og texta.



Ekki hefur verið staðfest að Senhit taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Serbía



Lag: Hasta La Vista
Flytjandi: Hurricane (Sanja Vučić, Ivana Nikolić og Ksenija Knežević)

Lag / texti: Nemanja Antonić /Kosana Stojić, Sanja Vučić

Serbar slógu met Úkraínu yfir sigra í Eurovision í fæstum tilraunum. Þeir komu, sáu og sigruðu sælla minninga árið 2007, þegar þeir tóku þátt í fyrsta skipti sem sjálfstæð þjóð og Marija Serifovic söng sig inn í hjórtu Evrópubúa nú og um alla eilífð með laginu [Molitva](#). Og síðan þá hafa Serbar verið nokkuð öflugir í keppninni og hafa oftast en ekki verið með í aðalkeppninni, þrátt fyrir eitt og eitt feilskot inn á milli.

Í fyrra var það söngkonan Nevena (og hægri fótleggur hennar) sem [komu Serbum í aðal-keppnina](#), en Nevena var einmitt hluti stúlknatríósins [Moje 3](#), sem mistókst að koma Serbíu í aðalkeppnina 2013. Og nú tefldu Serbar aftur fram kvennatríói, sveitinni Hurricane með lagið *Hasta la Vista* sem sigruðu í úrslitum Beovizija 2020 sem fram fóru í Belgrad þann 28. febrúar sl. Lagið er nokkurs konar dans/teknó með rokkívafi og textinn fjallar um hina sterku konu sem finnur kjarkinn til að segja bless við ömurlegt samband og gæja sem kann ekki að meta hana. Fílum alltaf svoleiðis!

Fremst í flokki er Sanja, sem fór alveg á límingunum í Stokkhólmi 2016, í túlkun sinni á [Goodbye \(Shelter\)](#), en náði einungis í 18. sætið þegar í úrslit var komið. Sér til halds og trausts hefur hún þær Ivönu og Kseniju en tríóið hefur verið starfandi síðan 2017.

Tólf lög kepptu til úrslita í Beovizija 2020 og það var nokkuð ljóst frá upphafi að Hurricane og *Hasta la Vista* voru að fara að gjörsigra keppnina. Þær unnu bæði dómnefndarkosninguna og símakosninguna og nokkuð ljóst að serbneska þjóðin var algjörlega á þeirra bandi.



Ekki hefur verið staðfest að Hurricane taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Slóvenía



Lag: Voda

Flytjandi: Ana Soklič

Lag / texti: Ana Soklič, Bojan Simončič, Žiga Pirnat

Slóvenar hafa verið með í Eurovision síðan 1993, rétt eins og nágrannalöndin Bosnía og Króatía. Þeim hefur svo sem ekki gengið neitt áberandi vel og hafa hæst komist í 7. sætið. Þangað komust þeir bæði árið 1995 með Darju Svajger og [Prisluhni Me](#) í Dublin og svo aftur árið 2001, með Nusu Derende sem flutti orkuslagarann [Energy](#) eftirminnilega í Kaupmannahöfn og skilaði Slóvenum inn á topp tíu. Þessi ágæta Balkanþjóð er nú fremur róleg yfir þessu öllu saman og sjaldan eins róleg og í fyrra, þegar krakkakrúttin Zala og Gaspar [fóru í þriggja mínútna störukeppni](#) í Tel Aviv og lentu í 15. sæti. En nýtt ár þýðir nýtt framlag!

Slóvenar rúlluðu forkeppninni EMA 2020 af stað þann 22. febrúar sl. þar sem tólf lög kepptu um farmiðann til Schiphol og þaðan til Rotterdam. Meðal flytjenda mátti sjá kunnuglegt andlit en söngkonan Tinkara Kovac mætti aftur, en hún keppti í Kaupmannahöfn árið 2014 með lagið [Round and Round](#) og luftflautaði á þverflautu með. Því miður hafði hún ekki erindi sem erfiði að þessu sinni. Engu að síður voru það kvenskörungur miklir sem réðu keppninni í ár. Eftir að öll lögin höfðu verið flutt var það þriggja manna dómnefnd sem ákvað að senda Önu Soklic með ballöðuna Voda og Linu Kuduzovic með RnB slagarann *Man like U* í einvígið. Þegar þangað var komið réðu slóvenskir áhorfendur úrslitum. Þau réðust svo þannig að Ana hafði sigur, með rúm 53% atkvæða.

Ana Soklic er 36 ára gömul og hefur verið að gera tónlist síðan 2004 en þá kom út fyrsta lagið hennar *If You* í heimalandinu. Hún virðist þó afskaplega viðkunnaleg og lagið *Voda* eða vatn, eins og það heitir á íslensku, er alveg hreint ágætis ballaða, þó svo það falli ekki alveg í Balkanballöðuflokkinn.



Ekki hefur verið staðfest að Ana taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Spánn



Lag: Universo

Flytjandi: Blas Cantó

Lag / texti: Blas Cantó, Dan Hammond, Ash Hicklin, Mikolaj Trybulec, Dangelo Ortega

Árið 2020 hefði markað tímamót í sögu Spánar í Eurovision en í ár stefndi þjóðin á að keppa í 60. sinn frá árinu 1961. Á þessum 60 árum hefur Spánn aðeins tvisvar unnið keppnina (í annað skiptið af þessum tveimur deildu þeir fyrsta sætinu með þremur öðrum löndum).

Fyrst valdi spænski ríkismiðillinn Televisión Española (TVE) flytjanda og varð fyrrum strákabands-meðlimur, barnastjarna og raunveruleikabáttakeppandi Blas Cantó fyrir valinu. Hann er 28 ára gamall en hefur ýmsa fjöruna sopið þegar kemur að söngvakeppnum sem fyrr segir. Hann var m.a einn af þeim sem komust í úrslit í spænsku forkeppninni fyrir Junior Eurovision Song Contest árið 2004 og lenti í 2. sæti í sömu keppni 2011 með strákabandinu Auryn sem þrátt fyrir ósigurinn öðlaðist töluverðar vinsældir í heimalandinu og hóf sólóferil eftir pásu hjá Auryn.

Lagið Universo var valið af TVE úr hópi 50 laga sem kom til greina að senda í Eurovision. Lagateymið samanstendur af höfundum sem samið hafa margan Euro-slagarann, s.s. tékkneska lagið í fyrra *Friend of a Friend*.

Texti lagsins er á spænsku og er í sjálfu sér mjög opinn til túlkunar. Blas syngur um það hvernig listamenn reyna sífellt að vera aðrir en þeir eru og týna þannig sjálfum sér. Í laginu óskar Blas þess að heimurinn sýni honum miskunn fyrir að fela sitt sanna sjálf. Þegar Blas flutti lagið í fyrsta sinn live mátti sjá að hann er afar sjálfsöruggur og með sterka sviðsframkomu en hár falsettutónn í miðju laginu virðist aðeins vefjast fyrir honum.



Staðfest hefur verið
að Blas verður
fulltrúi Spánar í
Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Sviss



Lag: Répondez-moi
Flytjandi: Gjon's Tears (Gjon
Lag / texti: Muharremaj)

Gjon Muharremaj, Alizé Oswald, Xavier Michel og Jeroen Swinnen

Í ár líkt og í fyrra var svissneska lagið og flytjandinn valinn af 100 manna dómnefnd almennings og 20 manna alþjóðlegri dómnefnd, en áður hefur verið notast við forkeppni í Sviss. Fyrir valinu í ár varð Gjon Muharremaj, sem gengur undir listamanns nafninu Gjon's Tears. Nafnið, *tár Gjóns*, kemur til vegna þess að níu ára gamall grætti hann afa sinn við að syngja Presley-slagarann *Can't help falling in love*. Hann er 21 árs söngvari og lagahöfundur fæddur í Sviss. Faðir hans er Kósóvó-Albani og móðir hans Albani. Gjon er alvanur þátttöku í hæfileikakeppnum, hefur tekið þátt í þremur mismunandi löndum; 12 ára lenti hann í þriðja sæti í fyrstu þáttaröð Albanians Got Talent en það var einmitt grátandi afinn sem skráði hann í keppnina. Ári seinna komst hann í undanúrslit svissnesku Die grössten Schweizer Talente og í fyrra komst hann í undanúrslit í franska The Voice.

Lagið sem Gjon hefði flutt í Eurovision í ár heitir *Répondez-moi*, eða "Svaraðu mér" og er samið af honum sjálfum ásamt fleirum í svissneskum búðum fyrir lagahöfunda þar sem ætlunin var að semja lag fyrir Eurovision. Þetta er ballaða sungin á frönsku, en Svisslendingar [sungu seinast á frönsku árið 2010](#) og hafa síðan þá haldið sig við ensku. Gjon vinnur með sögu sína í texta lagsins, sem fjallar um uppruna og sjálfsefa, hvaðan við komum og hvert við stefnum.

Sviss vann fyrstu Eurovision-keppnina sem var haldin árið 1956 og Celine Dion [vann fyrir Sviss árið 1988](#). Þeim hefur hins vegar gengið bölvánlega að komast upp úr undankeppnum, aðeins fimm sinnum komist í úrslit (af 16 tilraunum). Luca Hänni lenti svo í fjórða sæti í fyrra með lagið [She Got Me](#) og í annað skiptið á 21. öld komst Sviss í topp 10 (eistneska stúlkubandið Vanilla Ninja var í 8. sæti árið 2005 fyrir hönd Sviss með lagið [Cool Vibes](#).)



Staðfest hefur verið
að Gjon verður
fulltrúi Sviss í
Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Svíþjóð



Lag: Move

Flytjandi: The Mamas

Lag / texti: Herman Gardarfve, Melanie Wehbe, Patrik Jean

Svíar eru að sjálfsgögðu þekktir fyrir að fara alla leið í júróvisjón-efnum og 60. útgáfan af Melodifestivalen var haldin í Friends Arena í Stokkhólmi þar sem 12 lög kepptu til úrslita. Undankeppnirnar voru alls fjórar ásamt einum andra chanson-þætti, þar sem nokkur útvalin lög fengu annað tækifæri til að komast í úrslitakeppni.

Kosningin í úrslitum Melló samanstendur af 50% dómarakosningu og 50% símakosningu. Í símakosningunni er hægt að kjósa bæði í gegnum símaapp og með því að hringja. Alþjóðlegu dómnefndirnar voru átta og fimm dómnefndarmeðlimir í hverri. Ísland var í þriðja skipti hluti af alþjóðlegu dómnefndunum en auk Íslands voru það Ástralía, Armenía, Austurríki, Frakkland, Ísrael, Malta og sigurvegari Eurovision í fyrra, Holland. Reynt er að tryggja landfræðilega dreifingu dómnefnda til að líkja sem mest eftir dómnefndum Eurovisionkeppinnar sjálfar.

Úrslit Melodifestivalen í ár voru heldur betur stjörnum prýdd. Allir nema einn nýliða höfðu áður stigið á Melló-sviðið, og meira að segja tveir þeirra verið fulltrúar Svía, árin 2010 og 2017. Eftir þetta og áfallalaus keyrslu í gegnum tólf úrslitalög tilkynntu alþjóðlegu dómnefndirnar stig sín en þá voru Dotter með Bulletproof og The Mamas með Move hnífjöfn með 65 stig hvort. Þar sem Dotter fékk fleiri tíur frá dómnefndunum var hún sett efst en hún og The Mamas höfðu fengið jafnmargar tólfur. Eftir æsispennandi símakosningu var svo ljóst að The Mamas höfðu unnið Melodifestivalen 2020 með einu stigi á Dotter. Þetta verða að telja óvænt úrslit enda höfðu veðbankar spáð Dotter eða Önnu Bergendahl sigri.

Sigur The Mamas markar að mörgu leyti tímamót. Engin hefur unnið Melodifestivalen með svo litlum mun, einu stigi, síðan 1987. The Mamas er enn fremur fyrsta sænska hljómsveitin til að keppa í Eurovision síðan The Ark keppti árið 2007 í Helsinki. Ein mammanna, Ashley Haynes, verður líka fyrsti sænski júróbátttakandinn sem ekki hefur sænskan ríkisborgararétt.



Ekki hefur verið staðfest hvort the Mamas verði fulltrúar Svíþjóðar í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Tékkland



Lag: Kemama

Flytjandi: Benny Cristo (Ben Cristovao)

Lag / texti: Osama Hussain, Rudy Ray og Filip Zangi/Ben Cristovao og Charles Sarpong

Úrslit tékknesku undankeppninnar voru sýnd í beinni útsendingu á facebooksíðu keppninnar. Fyrst voru atkvæði alþjóðlegu dómnefndarinnar kynnt. Þegar dómnefndarkosningu var lokið var Barbora Mochowa, líkt og í fyrra, í fyrsta sæti með og vongóð um að í þetta sinn myndi þetta hafast. Í öðru sæti hjá dómnefnd var Benny Cristo og í þriðja sæti Eliz Mrax feat. Čis T. Vegan-aktívistarnir í sveitinni We All Poop, sem aðdáendur héldu svo mikið upp á, átti ekki upp á pallborðið hjá dómnefndinni því að þeir enduðu í sjötta og næstneðsta sæti.

Í netkosningunni gekk We All Poop mun betur og lenti í fjórða sæti þegar heildarstig voru lögð saman, Eliz Mrax feat. Čis T var í öðru sæti bæði í símakosningu og í heildarkosningu en greyið Barbora hlaut afhröð í netkosningunni, endaði þar í neðsta sæti og annað árið í röð tapar hún fyrir sigurvegara netkosningarinnar en það var Benny Cristo sem vann og var því sigurvegari þegar öll stigin voru reiknuð saman.

Benny Cristo eða Ben Cristovao er fæddur í tékknesku borginni Pilsen. Móðir hans er tékknesk en faðir hans er frá Angóla. Hann kom fyrst fram á sjónarsviðið í hæfileikabætti í sjónvarpi árið 2009 og þrátt fyrir að hafa dottið út fljótt var hann staðráðinn að meika það. Hann gaf út sína fyrstu plötu 2010 og notið sívaxandi vinsælda í Tékkland og hélt meðal annars stóra tónleika í Prag á síðasta ári fyrir 15 þúsund manns.


Lagið hans, *Kemama* (Ókei, mamma) fjallar einmitt um það hvernig það er að alast upp ólíkur öðrum en vilja samt tilheyra hópnum. Lagið er hip hop undir sterkum áhrifum frá angólsku hip hopi nokkuð sem við höfum ekki fengið að heyra áður í Eurovision og ber að fagna því þegar við fáum eitthvað nýtt og ferskt sem víkkar sjóndeildarhring okkar sem elskum Eurovision.



Ekki hefur verið
staðfest að
Benny taki þátt í
Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Úkraína



Lag: Solovey

Flytjandi: Go_A

Lag / texti: Taras Shevchenko og Kateryna Pavlenko

Úkraína tók fyrst þátt í Eurovision 2003 og varð fljótt sigursæl þjóð í keppninni. Eins og flestir muna dró Úkraína sig út úr keppninni á síðasta ári eftir röð skandala í kjölfar sigur Maruv og [Siren Song](#) í undankeppninni þeirra, Vidbir. Það var þetta með að blanda ekki Eurovision og pólitík og allt það. Fyrir 2020-útgáfuna af Vidbir var ný regla kynnt til sögunnar og þátttakendur máttu ekki hafa komið fram í Rússlandi síðan 2014 (frá innlimun Rússa á Krímskaga) eða farið ólöglega til Krím. Jafnframt máttu þátttakendur ekki áforma að ferðast til þessara landsvæða á meðan á Vidbir eða Eurovision stendur... yikes!

Eftir tvær undankeppnir var búið að þrengja Eurovisionvalið niður í sex lög. Efst hjá dómnefnd og í símakosningu almennings var Go_A og lagið *Solovey* og telst hún því óumdeildur sigurvegari. Er þetta víst í fyrsta skipti sem það gerist í sögu Vidbir. Solovey þýðir næturgali og er sungið í gömlum söngstíl sem heitir „Light voice singing“ eða „white noise“ og hærri er margir eiga að venjast. Sumir kalla þetta reyndar ekkert annað en öskur. Go_A framreiðir hins vegar þennan söngstíl með skemmtilegum nútímablæ sem gerir þetta bara ansi gott.

Go_A samanstendur af fjórum hljómsveitarmeðlimum og var bandið stofnað 2012 í Kænugarði. Bandið hefur spilað á mörgum tónlistarhátíðum heima og erlendis og gaf út sína fyrstu plötu 2016. Söngkona og textahöfundur Go_A er Kateryna Pavlenko og aðrir hljómsveitarmeðlimir eru Taras Shevchenko (hljómborð, ásláttur, samplari og gítar) Ihor Didenchuk (bakraddir, ásláttur) og Ivan Hryhoriak (gítar). Nafn sveitarinnar kemur frá enska orðinu „go“ og gríska bókstafnum Alpha (A) sem þýðir upphaf alls eða rótin. Hljómsveitarnafnið er því tilvísun til þess að fara aftur til upprunans.



Staðfest hefur verið að Go_A verður fulltrúi Úkraínu í Eurovision 2021.

[Hér má finna texta lagsins](#)

Þýskaland



Lag: Violent Thing

Flytjandi: Ben Dolic

Lag / texti: Borislav Milanov, Peter St. James, Dag Lundberg, Jimmy Thorén, Connor Martin

Frá sigri Lenu árið 2010 hefur gengi Þýskalands í keppninni verið mjög brokkgengt; [Micheal Schulte](#) náði mjög óvænt 4. sætinu með fallegu lagi um föður sinn sem féll frá ungur og Lena náði einnig [8. sæti 2011](#) þegar keppnin var haldin í Dusseldorf í Þýskalandi. Þetta eru þó undan-tekningar og yfir höfuð hefur gengið verið dapurt síðustu ár og þeir ítrekað lenti í neðstu sætunum. Á síðasta árið lenti svo dúettinn [S!sters](#) í næstneðsta sæti, fengu engin stig úr símakosningunni og þá var Þjóðverjunum nóg boðið.

Breytingar voru boðaðar á þessu ári, nú skyldi lagið valið í innherjakosningu af tveimur dóm-nefndum sem hvor um sig giltu 50%. Önnur dómnefndin var skipuð dyggum aðdáendum en hin svokölluðum sérfræðingum, 20 manns frá ýmsum löndum sem allir höfðu áður verið í dóm-nefndum fyrir heimalönd sín í Eurovision í gegnum árin. Þannig átti að tryggja að val lagsins yrði gott.

Fyrir valinu var hinn 22 ára gamli Benjamin Dolić eða Ben Dolic eins og hann kallar sig núna. Hann er fæddur og uppalinn í Ljubljönu í Slóveníu. Hann var aðeins 12 ára gamall þegar hann tók þátt í Slovenia Ima Talent þar sem hann komst alla leið í úrslit. Ben tók þátt í undankeppni Eurovision í Slóveníu EMA árið 2016 með hljómsveitinni D Base með laginu *Spet živ* en komst ekki í úrslit.

Sama ár flutti Ben með fjölskyldu sinni til Sviss og tók þátt í The Voice of Germany 2018 þar sem hann lenti í 2. sæti og í framhaldi af því hélt hann tónleika víðsvegar um Þýskaland og Austurríki. Þá var komið að Eurovisionkeppninni sjálfri. Tónlistarverksmiðjan Symphonix fékk Ben til að syngja fyrir sig lagið *Violent Thing* og skemst er frá því að segja að dómnefndirnar báðar heilluðust af þessum unga manni.



Ekki hefur verið staðfest að Ben taki þátt í Eurovision 2021

[Hér má finna texta lagsins](#)

Nepjan 2020

Eurovision á tímum COVID-19

HVERNIG EIGUM
VIÐ AÐ SEÐJA
EUROVISION-
HUNGRID NÚNA?

Hvað hefur þú gert til að halda geðheilsunni?

Ísak



Sem betur fer virkar sama meðferð til að slá á einkenni NED-sins (No Eurovision Depression) og PED-sins (Post Eurovision Depression). Besta meðalið fyrir mig er að rifja upp gamlar keppnir. Til dæmis er fullt til af gömlum keppnum á Youtube og það er gaman að horfa á þær aftur og rifja upp eftirminnileg augnablik og ekki síður að reyna að taka eftir því sem maður man ekki eftir.

Ég fór í gegnum sorgarstigin sex; lost, afneitun, reiði, samningaviðræður, depurð og sátt enda átti Rotterdam í ár að vera mín tíunda keppni á staðnum. Þeir sem þekkja mig vita að ég horfi aldrei aftur á Eurovision-keppnir eftir að hafa séð þær einu sinni, því mér finnst gott að geyma minningarnar með mér. En nauðsyn brýtur lög og ég tók upp á því að horfa á gamlar keppnir, m.a. með #EurovisionAgain-hópnum á laugardagskvöldum.



Laufey

Halla



Suma daga hefur mér bara fundist erfitt að hlusta á nýju lögina og hef leitað huggunar í gömlum lögum og keppnum. Var sem betur fer búin að taka að mér að skrifa afmælispostla á fases.is um keppnirnar sem eiga stórafmæli í ár og það hefur verið gott.

Það hefur gjörsamlega bjargað heilsunni að vera með Zumba-tíma á netinu sem að sjálfsgöðu er fullur af Eurovision tónlist. Einnig hefur verið gaman að hitta Eurovision fjölskyldu sína á Zoom hittingum þar sem við höfum dressað okkur upp, drukkíð rauðvín og horft á gamlar keppnir og kosið það lag sem við töldum líklegast til að vinna ef keppnin hefði verið í ár.



Flosi

Gísli



Ég hef fylgst vel með á netinu og tekið þátt í nokkrum rafrænum keppnum á FB. Einnig hef ég reynt að horfa á eins marga sjónvarpsþætti frá öðrum löndum þar sem fjallað hefur verið um lögina sem áttu að keppa í ár.

Ég hef farið á zumba-æfingar hjá Flosa formanni á zoom. Þær eru frábærar fyrir líkama og sál og mikið af Eurovision-lögum. Fyrir áhugasama mæli ég með Flosafjör á facebook. Ég keypti Daða-peysur fyrir mig og Eurovision-óðar dæturnar og við dönsuð saman.



Eva

Hildur




Fyrst og síðast eru það samskiptin við Júróvisjón-vinina og bráðskemmtilega 30 daga júróvisjónlaga-áskorunin í apríl sem hefur fleytt mér yfir þennan hjalla! En ég hef líka verið að rifja upp gamlar keppnir og einbeitt mér að aldamótakeppnunum 1999-2003 sem mér þykja sérlega skemmtilegar, fylgst með Eurovision Home Concert og frábæru viðbrögðunum sem Daði og Gagnamagnið hafa fengið út um allt.

Ég átti erfitt með að sætta mig við þetta en er búin að fá manninn og stelpurnar þrjár í að horfa á fyrri keppnir á Youtube með mér í stofunni á meðan ég deili með þeim allskonar Eurovision visku yfir glápinu og nostalgíunni í mér, alveg eins og þetta væri nýjasta Eurovision. Við höfum líka spilað lögina "Think About Things" og "Hatrið mun Sigrá" ítrekað hér heima og dansað eins og vitleysingar, sérstaklega þegar börnin öskra yfir Hatara og slamma. Svo höfum við horft á alla þættina af Eurovision at Home, horfðum á austurríska Eurovision þáttinn þar sem að Daði vann, alla Alla leið þættina og við stefnum á að horfa líka á alla aðra Eurovision tengda dagskrá sem verður sýnd á Rúv.




Heiður

Kristín



Þjörgun geðheilsu minnar hefði satt að segja getað gengið betur. Ég var rosa mikið að vinna með gamlar keppnir, rauðvín og smá grátköst öðru hvoru. Já og ég keypti mér Daða peysu!

Nepjan 2020



Hvað eiga FÁSES-félagar helst að nýta sér í Eurovision-vikunni ?

Ísak



Ég hef gaman af því þegar fólk tekur sig til og endurgerir sitt uppáhalds Eurovision-atrði eða búta af atrðinu. Það þarf ekki að vera flókið. Fyrir nokkrum árum málaði ég kröfupjöldin úr portúgalska atrðinu frá 2011 og síðan þá hafa þau verið tekin fram við hátíðleg tilefni. Á einu kröfuspjald Homans Da Luta stóð eftirminnilega á hinu ástkæra ylhýra „Baráttu er gleði“. :)

Dansa eins og brjálæðingar við öll þessu dansvænu Eurovisionlög 2020! Ég mun allavega taka gott dansmarþon við Euro-Daða tónleikana sem eru á dagskrá RÚV 15. maí. Ég er að sjálfsögðu með allar danshreyfingarnar á hreinu eftir frábæra Eurovision-Zumbað hans Flosa sem hann hefur haldið í gegnum Zoom í apríl og maí.

Halla



Það er allskonar búið að vera á netinu, heimatónleikar, kosningar og fleira skemmtilegt. Þeir sem eiga Eurovisionspilið, ég mæli með því og að búa til eigin Eurovisionleiki og halda í allavega einhverja hefð.

Myndum stemningu á Zoom, skipuleggjum lítil party þar sem við getum tengt öll litlu partyin sem verða út um allt land. Horft á dagskrána sem verður í boði á RÚV með leikjum og dansi. Að sjálfsögðu mæli ég með Eurovision Zumba á netinu í gegnum Flosafjör á Facebook.

Gísli



Ætli ég haldi ekki bara í gamlar hefðir og hafi mitt eigið Europarty með öllu tilheyrandi. Þegar ég var krakki notaði ég spilastokk til að spá um hvaða lag mundi vinna. Notaði hjarta spilinn sem stig og svo spaða og lauf fyrir þau lög sem fengu ekki stig. Þannig gaf spilastokkur stig fyrir hvert land. Ætli ég geri þetta ekki til gamans núna. Einhverja spennu verður maður hafa í Eurománuði.

Mæli með að lesa euro-umfjöllun á fases.is en líka að taka þátt í Eurovision-áskorun. Þær eru margar til, vinahópar geta til dæmis tekið sig saman og ákveðið þema t.d. einn daginn að setja inn lag sem þú elskar en aðrir hata. Umræður sem skapast út frá svona þráðum geta alveg bjargað geðheilsunni!


Hildur



Rifja upp 10 uppáhalds Júróvisjón minningarnar, skrifa þær niður og deila þeim með fólkinu sem upplifði þær með þér.

Ég ætla að reyna að hegða mér eins og þetta sé venjuleg Eurovision-vika. Skreyta húsið mitt með öllum fánunum mínum og horfa á allt Eurovision tengt sem ég kemst yfir. Svo ætlum við að grilla hérna heima og halda gott fjölskylduparty fyrir börnin með snakki og alles á meðan við glápum á Eurovision: Europe Shine a Light. Svo mun ég í kjölfar þáttarins fullyrða fyrir börnunum mínum að Ísland hafi unnið Eurovision í ár og við munum fagna fram eftir nóttu/háttatíma. Sem sagt, reyna að hafa þetta allt sem eðlilegast þrátt fyrir óvenjulega tíma.

Kristín



Reynum að vera peppuð og hlakka til næsta árs. Nú, og ef það virkar ekki....skál?



Laufey



Flosi



Eva



Heiður

Þakkir!

FÁSES þakkar fyrir starfsárið sem er senn á enda.
Niðurtalning fyrir Eurovision 2021 er hafin!

Fréttabréf FÁSES 2020

Ritstjóri:

Eyrún Ellý Valsdóttir

Textar um lönd:

Ástríður Margrét Eymundsdóttir

Eva Dögg Benediktsdóttir

Eyrún Ellý Valsdóttir

Flosi Jón Ófeigsson

Halla Ingvarsdóttir

Kristín Kristjánsdóttir

Laufey Helga Guðmundsdóttir

Steinunn Björk Bragadóttir

Þórunn Hrönn Þórsdóttir

Söngvakeppnin 2020:

Steinunn Björk Bragadóttir

Takk fyrir Daði og Gagnamagnið:

Laufey Helga Guðmundsdóttir

Nepjan 2020:

Eyrún Ellý Valsdóttir

Umbrot:

Sunna Mímisdóttir